

EDDA YR GARÐARSDÓTTIR
Mælir með heima-
fæðingu

Heilsa Heimili í MIÐJU BLÁÐSINS
allt



CHRISTÍAN MUNGJU
Gullpálminn til
Rúmeníu

Hvatning fyrir óþekkt kvikmyndagerðarmenn
KVIKMYNDIR 24



MAGNI ÁSGEIRSSON
Sólóplata í sumar

Tekur upp í Danmörku
FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. maí 2007 – 143. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Rokkuð fót

Hemmi feiti skiptir
um gir og selur
barnafót á netinu.

FÓLK 34



Allt samkvæmt bókinni

Rokkhundarnir í
Deep Purple og Uriah
Heep stígu á stökk í
Laugardalshöllinni á
sunnudagskvöldið.

TÓNLIST 26



Stöðugleiki og ólga

„Ósigur Framsóknar varð með
sérkennilegum hætti til þess að
gæðingsefnum er áfram beitt á
kalbletti úthaganna,“ segir Össur
Skarphéðinsson.

Í DAG 16


Engin martröð

Grétar Rafn Steinsson
hjá AZ í Hollandi
segir tímabilið enga
martröð þrátt
fyrir mikil
vonbrigði í
lokni.

ÍÞRÓTTIR
28




VEÐRIÐ Í DAG



HÆGVÍÐRI - Í dag verður hæg
breytileg átt eða hafgola. Víðast
nokkuð bjart. Hiti 7-14 stig, mildast
til landsins.

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA
höfuðborgarsvæðið

Þriðjudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í mars 2007.



FERÐAGARPAR Í LANGRI RUNU Ólafur Örn Haraldsson, forseti Ferðafélags Íslands, fylgdi fast á hæla Ernu B. Einarsdóttur. Hópurinn skiptist á þrettán fararstjóra sem leiddu fólkið í runu hver á eftir öðrum.

Árleg ferð Ferðafélags Íslands á Hvannadalshnúk um hvítasunnuhelgina:

Ólýsanlegt að vera á toppnum

ÚTIVIST Yfir hundrað manns tóku þátt í ferð Ferðafélags Íslands upp á hæsta tind landsins, Hvannadalshnúk, á laugardaginn.

Þrátt fyrir að afar lítið skyggni hafi verið á tindinum sökum snjókomu og skýja var tilfinningin ólýsanleg að sögn Ernu B. Einarsdóttur, sem var í fyrsta sinn að klífa Hvannadalshnúk. „Það er æðislegt að hafa afrekað þetta og ég held að margir sem

voru að fara í fyrsta skipti séu sömu skoðunar.“ Erna segist tvímælalaust ætla að endurtaka leikinn síðar í von um að geta notið útsýnisins betur þá.

Þetta er í þriðja skipti sem félagið skipuleggur ferð á Hvannadalshnúk yfir hvítasunnuhelgina. Gífurleg ásókn var í ferðina, sem var fullskipuð í byrjun apríl að sögn Ernu.

- sdg

Fötluð börn mun oftast misnotuð

Bregðast þarf við rannsóknum sem sýna að fötluð börn eru í um helmingi meiri hættu á að vera misnotuð en ófötluð, segir formaður Proskahjálpar.

RÉTTINDAMÁL Börn með fötlun eða greindarskerðingu eru helmingi líklegri til að verða fyrir kynferðisofbeldi en börn sem ekki eru fötluð. Barnaverndaryfirvöld hafa ekki brugðist við þessum staðreyndum. Málið virðist ekki vekja athygli á Íslandi. Þetta segir Gerður Aagot Árnadóttir, læknir og formaður Landssamtakanna Proskahjálpar.

Gerður segir að rannsóknir sýni að þegar fötluð börn eiga í hlut séu ofbeldismennirnir oftast starfsmenn sem eigi að veita börnunum liðsinni. „Þetta tengist aðstæðum barnanna, þau eiga oft erfiðara með að tjá sig og eru einangraðri en önnur og því í meiri hættu. Mikilvægt er að veita þeim fræðslu í forvarnskyni en það

hefur ekki verið gert. Barnaverndaryfirvöld hafa kosið að líta framhjá því að þau eru börn, horfa aðeins á fötlunina, og segja málið ekki koma sér við,“ segir hún.

Undir þau orð tekur Rannveig Traustadóttir, forstöðumaður Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum. Nauðsynlegt sé að rannsaka stöðuna hér á landi. Þau mál, þá sérstaklega í tengslum við Heyrnleysingjaskólann, sýni að full ástæða sé að beina sjónum frekar að stöðu fatlaðra.

Brynhildur Flóvenz, lögfræðingur og höfundur bókarinnar Réttarstaða fatlaðra, segir nauðsynlegt að réttarkerfið og samfélagið bregðist við seinni tíma rannsóknum sem sýni að ofbeldi gagnvart fötluðu fólki sé algeng-

ara en talið hafi verið. Hún telur réttindagæslu fatlaðra hafa verið mjög veika hér á landi. Breytingar á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga, sem samþykktar voru fyrr á þessu ári, hafi verið til mikilla bóta en málefni fólks með fötlun hafi setið á hakanum.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, telur að ekki sé hægt að yfirfæra rannsóknir sem gerðar hafi verið á þessu máli alfarið á íslenskt samfélag vegna þess að sjaldgæfara sé að börn með fötlun búi á stofnunum, þar sem mesta hættan sé fyrir hendi. Byrjað hafi verið að skrá brot gagnvart börnum með fötlun sérstaklega fyrir skömmu en ennþá eigi eftir að fullmóta þá skráningu.

- kdk

Tveir látist það sem af er ári: Banaslys ekki færri í sjö ár

UMFERÐ Tveir hafa látist í banaslysum í umferðinni það sem af er ári. Ekki hafa jafnfáir látist í umferðinni fyrstu fimm mánuði ársins undanfarin sex ár hið minnsta. Á vef Umferðarstofu má sjá upplýsingar um fjölda banaslysa eftir mánuðum, aftur til ársins 2001.

Baldvin Viggósson, varðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að líklega megi þakka auknu eftirliti og auknum áróðri fyrir hversu fá slysin hafa verið í ár. „En tvö banaslys eru samt auðvitað tveimur of mikið.“

Talsvert þung umferð var inn á höfuðborgarsvæðið í gær. Hún náði hámarki um kvöldmatarleytið og hafði þá gengið nær slysalaut fyrir sig.

- sh

Ellefu ára skopmyndateknari:

Björn hefur sterka drætti

FÓLK Björn Heimir Öundurson er óvenju dráttagur ellefu ára drengur. Í tómsundum sínum finnst honum gaman að teikna skopmyndir af framamönnum þjóðarinnar.

„Ég hef teiknað síðan ég var lítill en það var í febrúar í vetur sem ég byrjaði að teikna andlit stjórnmálamanna og annarra sem voru í fréttunum,“ segir Björn Heimir.

Björn Heimir er naskur á smáatriði enda leyna líkindin milli skopmyndanna og fyrirmyndanna sér ekki. Spurður hvaða stjórnmálamann honum þyki skemmtilegast að teikna stendur ekki á svari: „Björn Bjarnason. Hann hefur svo sterka drætti.“

- bs/sjá síðu 14



Stubbahus.is



Reykjagabann 1.júní.

Af því tilefni bjóðum við okkar geysivinsælu Stubbahús á afsláttarverði. 3 stærðir.

Pöntunarsími: 564 1783, 896 1783

Wii LEIKJATÖLVA 7 milljón eintök seld

Nintendo FER SIGURFÖR UM HEIMINN ORMSSON

ELLEFU VERSALNIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT



Jóhann, byrjið þið ekki bráðum á sjónvarpsútsendingum í svart-hvítu?

„Það kemur vel til greina. Það verður bara eins og allt annað sem KR gerir; bæði lítrik og spennandi.“

Jóhann Hlíðar Harðarson er einn aðstandenda KR-útvarpsins sem í gærkvöld var með útsendingu númer 200 þar sem lýst var leik KR og Víkings í Landsbankadeildinni í knattspyrnu.

Lífmassaverksmiðja í Eyjafirði: Orka úr úrgangi

ORKUMÁL Verið er að skoða kosti þess að reisa stóra lífmassaverksmiðju í Eyjafirði sem framleitt geti orku úr lífrænum úrgangi. Hugmyndin er komin frá hlutafélaginu Moltu ehf., en það var stofnað í kringum jarðgerðarverksmiðju sem fyrirhugað er að reisa í Eyjafjarðarsveit.

Stofnkostnaður við lífmassaverksmiðju yrði að öllum líkindum töluverður þar sem talið er að hún myndi kosta um 800 milljónir króna.



SÖGULEGUR FUNDUR Sendinefndir Bandaríkjanna og Írans hittast á heimili forsætisráðherra Íraks, Nuri al-Maliki.

NORDICPHOTOS/AFP

Tengsl Bandaríkjanna og Íran: Fyrsti formlegi fundur í 27 ár

BAGDAD, AP Fulltrúar Bandaríkjanna og Íran hittast í gær á fyrsta formlega fundi ríkjanna í 27 ár frá því að Bandaríkin riftu stjórnmalasambandi við Íran í kjölfar íslömsku byltingarinnar í Íran árið 1979.

Fundurinn í gær snerist alfarið um öryggismál í Írak og ekkert var farið í viðkvæm deilufni ríkjanna þar sem helst ber að nefna kjarnorkuvæðingu Írans.

Bandaríska sendinefndin lagði áherslu á að Íranar hættu að sjá vígamönnum í Írak fyrir vopnum og fjármagni. Íranska sendinefndin sagðist ekki taka þessar áskanir alvarlega en að Íran byði Íraska hernum þjálfun og búnað til að stuðla að öryggi.

- sdg

Stórt timburhús brann: Hús söðlasmiðs eldi að bráð

BRUNI Stærðar timburhús á Sólheimum í Grímsnesi varð eldi að bráð á laugardaginn var. Enginn var inni í húsinu þegar eldurinn kom upp og sakaði engan.

Slökkvilið frá Selfossi, Laugarvatni og Reykholti var sent á staðinn og þurfti meðal annars að slökkva sinuelda sem kviknuðu í norðanvindinum.

Húsið var flutt að Sólheimum frá Reykjavík árið 2001 og átti að gera það upp. Fyrir því fékkst ekki leyfi og hefur húsið staðið óhreyft síðan. Áður stóð það við Laugaveg og var kallað hús Samúels söðlasmiðs.

- sh



HÚS SAMÚELS SÖÐLASMIÐS Það skíðlogaði í húsinu og ljóst að það er gjörónýtt.

MYND/EGILL BIARNASON

Norræna kauphöllin: Dubai staðfestir ekki tilboð

VERDBRÉF Fjárfestingarsjóður í eigu arabaríkisins Dubai staðfestir ekki að sjóðurinn ihugi að yfirbjóða bandarísku kauphöllina NASDAQ og gera tilboð í norrænu kauphöllina OMX. Íslenska kauphöllin er hluti af norrænu kauphöllinni.

Sænska ríkisútvarpið greindi frá því um helgina að sjóðurinn í Dubai væri að hugleiða tilboð í OMX og benti á að fyrrverandi stjórnandi OMX stýrði sjóðnum í Dubai. Reuters-fréttastofan hefur þó eftir stjórnanda alþjóðamiðstöðvar fjármála í Dubai, Omar bin Suleiman, að sjóðurinn hafi ekki augastað á OMX.

- gar

Stærsta hrygnan úr Þingvallavatni

Börkur Birgisson húsamálari dró 26 punda urriða úr Þingvallavatni fyrir helgi. Jóhannes Sturlaugsson lífræðingur telur líklegt af myndum að dæma að urriði Barkar sé hrygna og þá sú stærsta sem veiðst hafi í Þingvallavatni.

STANGVEIÐAR „Þetta var ótrúlegt. Alveg geggað,“ segir Börkur Birgisson húsamálari úr Keflavík, sem á fimmtudagskvöldið í síðustu viku dró um 26 punda urriða úr Þingvallavatni. Fiskurinn kann að vera stærsta hrygna sem veiðst hefur í vatninu.

Vegna hvassviðris reyndist ómögulegt að beita flugustönginni svo Börkur dró fram kaststöng og egndi fyrir urriðana með makríl. Fljótlega dró til tíðinda.

„Mig hefur alltaf langað í tíu punda fisk og hef reynt víða en aldrei náð yfir tíu pundin heldur alltaf verið rétt undir markinu,“ útskýrir Börkur, sem einmitt á fimmtudagskvöldið veiddi sinn fyrsta tíu punda fisk tveimur tímum áður en hann setti í ferlíki sjálft í Þingvallavatni.

Að því er Börkur segir tók risinn hvað eftir annað í færið hjá honum á einum og hálfum klukkutíma.

„Tvisvar sinnum fór hann út með línuna og það rann úr honum eftir um hálfu mínútu. Í þriðja skiptið tók hann og sleit 28 punda girni, hann einfaldlega kubbadi það í sundur. Og í fjórða skipti tók hann. Þegar ég landaði honum þá lak öngullinn úr honum en þessi sem hann hafði slitið hálf tíma áður var enn upp í honum.“

Börkur sá ekki urriðann fyrr en hann landaði honum. „Ég gerði mér þó alveg grein fyrir að það væri ferlíki á. Ég tók á honum eins og hægt var en hann reif færið sjö eða átta sinnum 60 til 70 metra út. Kunnugir menn segja mér að ég hafi náð honum af því að ég tók svona stíft og fast á honum,“ segir hann.

Börkur segist yfirleitt veiða á flugu og sleppa öllum fiski. „En í þetta skipti leit ég bara til himna. Ég veit heldur ekki hvort hann hefði lifað af. Ef ég fengi annan svona fisk á flugu myndi ég pottþétt sleppa honum.“

Jóhannes Sturlaugsson hjá rannsóknarfyrirtækinu Laxfiskum hefur fylgst með atferli urriðans í Þingvallavatni frá árinu 1999. „Ef þetta er hrygna eins og mér sýnist líklegast af myndum þá er þetta sú stærsta sem veiðst hefur í Þingvallavatni,“ segir Jóhannes, sem hyggst skoða urriðann sem nú biður þess í frystikistu Barkar Birgissonar að verða stoppaður upp og hengdur upp á vegg.

gar@frettabladid.is



BÖRKUR BIRGISSON Alveg geggað, segir veiðimaðurinn sem dró 26 punda urriða upp úr Þingvallavatni. Aðeins tveimur klukkustundum áður náði hann í fyrsta sinn á ævinni því markmiði sínu að veiða tíu punda fisk.

MYNDIR/GUNNAR ÖRLYGSSON



LITLI RISI OG STÓRI RISI Þótt tíu punda urriðinn sé vel útlátinn virkar hann smár við hliðina á ferlíkinu sem Börkur dró úr Þingvallavatni og er á stærð við telpnareihjól.



HREFNUVEIÐI Íslendingar stunda veiðar á hrefnu og langreyði.

Alþjóðahvalveiðiráðið:

Engin breyting gerð í Alaska

HVALVEIÐAR Engar líkur eru taldar á því að breytingar verði gerðar á 21 árs gömlu banni við hvalveiðum á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins sem hófst í gær í Alaska í Bandaríkjunum.

Frá því hvalveiðisinnar fengu í fyrra samþykkt með einu atkvæði að hvalveiðar í atvinnuskyni kynnu að verða teknar upp að nýju í framtíðinni hafa valdahlutföll breyst friðunarsinnum í vil með því að fleiri ríki sem andvíg eru veiðunum hafa gengið í ráðið. Þrjá fjórðu hluta atkvæða þarf í hvalveiðiráðinu til að hnekkja banninu. Ekki náðist í Stefán Ásmundsson, formann íslensku sendinefndarinnar, í gærkvöld.

- gar

KÓPAVOGUR

Sumartívoli við Smáralind

Taylor's Tívoli hefur óskað leyfis yfirvalda í Kópavogi til að reka tívoli við Smáralind frá 29. júní til 8. ágúst í sumar. Bæjarlögmaðurinn í Kópavogi hefur málið nú til skoðunar.

HEILBRIGÐISMÁL

Gefa hóstavél á Landspítala

MND félagið hefur gefið taugalækn-ingadeild B-2 á Landspítalanum í Fossvogi svokallaða hóstavél. Það er tæki til þess að hjálpa sjúklingum með minnkaðan vöðvakraft til þess að losa sig við slím úr öndunarvegi.

BÍLL DAGSINS

SUZUKI GRAND VITARA LUX

Nýskr. 03.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 11 þús. km.



Verð
2.990.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Forseti Venesúela hefur lokað elstu einkareknu sjónvarpsstöð landsins:

Sakaði stöðina um niðurrifsstarfsemi

VENESÚELA, AP Eina sjónvarpsstöðin í Venesúela sem hlynt var stjórnarandstöðinni og náði til allra landsmanna, RCT, hætti útsendingu rétt fyrir miðnætti aðfaranótt mánu dags eftir að forseti landsins, Hugo Chavez, neitaði að endurnýja útsendingarleyfi stöðvarinnar. Chavez sakaði RCT, sem var elsta einkarekna sjónvarpsstöðin í Venesúela, um niðurrifsstarfsemi. Ný ríkisrekin sjónvarpsstöð, TVES, kom í stað RCT og hóf útsendingar í gær með því að söngvarar sungu lög til heiðurs Chavez. Síðar í dagskránni birtust auglýsingar í nafni stjórnvalda þar sem sagði: „Núna tilheyrir Venesúela öllum.“

Á risastórum sjónvarpsskjám á götum úti mátti fylgjast með því þegar RCT hætti útsendingu og TVES tók við og þúsundir stjórnarsinna fögnuðu þegar skiptin áttu



ANGIST OG REIÐI Stuðningsmenn RCT syrgðu ákaft þegar lokað var fyrir útsendingu stöðvarinnar.

NORDICPHOTOS/AFP


sér stað. Á sama tíma mótmæltu þúsundir stuðningsmanna RCT með því að berja potta og einhverjir hleyptu af byssum.

Chavez sagðist vera að koma á

lýðræði á öldum ljósvakans með því að koma tíðni stöðvarinnar í hendur almennings. Andstæðingar hans hafa gagnrýnt þessa aðgerð sem aðför að málfrelsi.

- sdg

ÞESSIR 16 BÍLAR HAFNA SANNNAÐ SIG SEM SANNKALLAÐIR ÚRVALSBÍLAR



Toyota Yaris Terra 1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 02.04 Ekinn: 9.000 km
Verð: 790.000 kr. Skr.nr. PY858



Toyota Corolla W/G Terra 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 27.000 km
Verð: 1.570.000 kr. Skr.nr. MY662



Toyota Corolla W/G Luna 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 100 km
Verð: 1.600.000 kr. Skr.nr. AG499



Toyota Avensis S/D EXE 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 65.000 km
Verð: 2.720.000 kr. Skr.nr. UI633



Toyota Avensis Sol 1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 27.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Skr.nr. EF446



Toyota RAV4 VX 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.06 Ekinn: 9.000 km
Verð: 3.520.000 kr. Skr.nr. RS220



Toyota Corolla Terra 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 59.000 km
Verð: 1.290.000 kr. Skr.nr. PP912



Toyota RAV4 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 68.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. EE072



Toyota Yaris 5 dyra Terra 1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.01 Ekinn: 109.000 km
Verð: 750.000 kr. Skr.nr. ZV681



Hyundai Sonata S/D GLSi 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 07.03 Ekinn: 50.000 km
Verð: 1.250.000 kr. Skr.nr. MR585



Lexus LS430 S/D 4300 Bensín sjsk.
Á götuna: 03.04 Ekinn: 45.000 km
Verð: 6.000.000 kr. Skr.nr. KI222



Lexus RX-300 EXE 3000 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 25.000 km
Verð: 4.890.000 kr. Skr.nr. KO817



Toyota Corolla S/D Terra 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.05 Ekinn: 44.000 km
Verð: 1.330.000 kr. Skr.nr. KR362



Toyota Avensis W/G Sol 1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.05 Ekinn: 101.000 km
Verð: 1.890.000 kr. Skr.nr. JE076



Toyota Avensis S/D Sol 1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.06 Ekinn: 18.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. JY556



Range Rover New SE 4400 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.04 Ekinn: 52.000 km
Verð: 6.250.000 kr. Skr.nr. RD124

BNB-sölugreining

Bílaarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 16 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	62,09	62,39
Sterlingspund	123,26	123,86
Evra	83,37	83,83
Dönsk króna	11,186	11,252
Norsk króna	10,296	10,356
Sænsk króna	9,069	9,123
Japanskt jen	0,5107	0,5137

SDR	93,91	94,47
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	113,4666	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Vegfarendur hissa á hesti: Hross spásseraði um Grafarvog

DÝRAHALD Vegfarendum og íbúum í Rimahverfi í Grafarvogi brá mörgum hverjum í brún í gær þegar hestur birtist í Langarima og spásseraði þar óáreittur. Hann gekk um hverfið í dágóða stund, áður en vaskir menn frá borgaryfirvöldum komu og færðu hann í hestakerru. Ekki fylgdi sögunni hvort hann steig um borð í hana nauðgur viljugur eða var farinu feginn.

„Mér fannst ég kannast við hestinn úr Grafarholti frá því í fyrra, þar sem hann spókaði sig á götunni,“ sagði sjónarvottur sem myndaði hestinn. „En kannski er það ekki rétt hjá mér.“ - sh



GÓÐGÆTI Í GÁMI? Vonandi fann hann eitthvað gómsætt þegar hann gramsaði eftir æti í ruslagami á ferðalagi sinni um Grafarvog. MYND/GUNNAR LEÓ ÞÓRSTEINSSON

Íslensku menntaverðlaunin: Fjórir flokkar verðlaunaðir

MENNTAMÁL Íslensku menntaverðlaunin verða afhent í Ingunnarskóla á morgun við hátíðlega athöfn.

Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum, einkum fyrir góðan árangur í grunnskólaskrifum. Til greina koma skólar sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi, kennarar sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt skarað fram úr, ungt fólk sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt og höfundar námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólaskrifum.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhendir verðlaunin. - eð

Garðar Thor á Wembley: Áhorfendur mjög hrifnir

SÖNGUR Garðar Thor Cortes óperusöngvari söng breska þjóðsönginn á Wembley-leikvanginum í London í gær fyrir leik Derby og West Bromwich Albion. Tugþúsundir áhorfenda voru á vellinum og var Garðari vel tekið en liðin voru að berjast um sæti í efstu deild enska boltans á næsta ári. Fór leikurinn þannig að Derby sigraði með einu marki gegn engu og tryggði sér þannig þátttöku í efstu deildinni. - eð



LANDSPÍTALINN

Persónuvernd veitir aðgang: Þrettán ný rannsóknarleyfi

PERSÓNUPERND Þrettán ný leyfi voru gefin út af Persónuvernd í apríl vegna vinnslu persónuupplýsinga úr sjúkrahúsum og þjóðskrá. Meðal þess sem á að rannsaka eru einkenni sálfræðilegra erfiðleika hjá öldruðum innan átta vikna eftir að hafa misst maka sinn, áverkadaði Íslendinga á árunum 1996 til 2005, jöðhagur þungaðra kvenna og unglingsstúlkna, gagnsemi reglulegs mænuskadaeftirlits á Landspítalanum fyrir mænuskadað fólk og afdrif sjúklinga með tímabundna heilablöðburð. Einnig er veitt leyfi til söfnunar og vinnslu á stofnfrumum ætluðum til stuðnings eftir háskammtalyfjameðferð sjúklinga með eitlakrabbamein og mergfrumuæxli. - gar

Þrjár sautján ára með fíkniefni í leggöngum

Þrjár sautján ára stúlkur voru teknar með fíkniefni í leggöngum í tveimur aðskildum málum um helgina. Það í spilinu eða þrælar, segir varðstjóri lögreglu.

LÖGREGLUMÁL Tvö keimlík fíkniefnamál komu upp um helgina í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi annars vegar og lögreglunnar á Selfossi hins vegar. Í báðum tilvikum voru sautján ára stúlkur teknar með fíkniefni innvortis.

Skömmu fyrir eitt aðfaranótt sunnudags stöðvaði lögreglan í Borgarnesi við reglubundið eftirlit bíl á leið í norðurátt á Vesturlandsvegi. Þrennt var í bílnum; tvær sautján ára stúlkur, önnur undir stýri, og karlmaður sem var um tíu árum eldri. Lögreglumönnum þótti greinilegt að þau væru undir áhrifum. Þau voru færð á lögreglustöð þar sem kom í ljós að grunurinn var á rökum reistur.

Við læknisrannsókn kom í ljós að báðar stúlkurnar voru með fíkniefni innvortis, kókaín í smokkum sem þær höfðu falið í leggöngum sínum. Í annari stúlkunni fundust fjórtán grömm og þrjátíu í hinni. Talið er að fólk hafi verið á leið norður í land með efnið. Stúlkurnar og maðurinn voru yfirheyrð fram eftir nóttu og sleppt undir morgun. Málið telst upplýst. Foreldrum og barnaverndaryfirvöldum var gert viðvart. Varðstjóri segir að yfirleitt þegar svo ungt fólk er tekið með söluskammta af fíkniefnum sé það einungis „það í spilinu“ eða eins konar „þrælar“.

Hálftum sólarhring síðar, um hálfétt á sunnudag, kom lögreglan á Selfossi í veg fyrir fíkniefna-smygl inn á Litla-Hraun þegar hún stöðvaði bíl í Þrengslunum fyrir hraðakstur. Ökumaður bílsins, átján ára piltur, var ökuréttindalaus og vaknaði grunur um að hann væri undir áhrifum fíkniefna, eins og farþegar hans; sautján ára stúlka og tvítugur piltur.



LITLA-HRAUN Þremmingarnir sem lögreglan á Selfossi handtók viðurkenndu að hafa ætlað að smygla efnunum inn á Litla-Hraun. Einn fangi var yfirheyrður.

Fólkíð var allt fært á lögreglustöð, og þar sýndi fíkniefnahundur stúlkunni grunsamlega mikinn áhuga. Í ljós kom að stúlkann reyndist hafa falið þrettán grömm af hvítu efni, amfetamíni eða kókaíni, og ellefu grömm af hassi vafið í plast í leggöngum sínum. Þremmingarnir viðurkenndu að hafa verið á leið á Litla-Hraun og að hafa ætlað að smygla efnunum inn í fangelsið. Einn fangi var yfirheyrður vegna málsins. Að sögn

lögreglu hafa þremmingarnir allir komið við sögu lögreglu áður.

Varðstjóri lögreglunnar á Selfossi segir óalgengt að svo ungt fólk sé tekið með fíkniefni, hvað þá innvortis. „En miðað við atburði helgarinnar mætti ætla að þetta sé tiltölulega algengt hjá sautján ára unglingsstúlkum.“ Hann segir að ekki sé talið að málin tvö sem upp komu um helgina tengist. „Nei, ætli þetta sé ekki bara mögnuð tilviljun.“

stigur@frettabladid.is



ÚR HLÍÐARFJALLI Skiðasvæðið var opið alla helgina.

Hlíðarfjall opið um helgina: Allir ánægðir

ÚTIVIST Skíðafæri var gott á Akureyri um helgina og var skíðasvæðið í Hlíðarfjalli opið alla dagana. Að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns Skíðastaða, voru gestir í fjallinu á bilinu fjögur til fimm hundruð.

Veður var gott og allt gekk vel fyrir utan lítið snjóflóð sem fór af stað þegar nokkrir skíðamenn ætluðu að ganga ofar í fjallið til að renna sér þaðan. Engin meiðsl urðu þó á fólki og fóru því allir ánægðir heim eftir helgina að sögn Guðmundar. - eð

Vinnueftirlit ríkisins: Áhrif reykingabanns könnuð

HEILBRIGÐISMÁL Á föstudaginn tekur reykingabann á veitinga- og skemmtistöðum gildi. Vinnueftirlit ríkisins hefur gengist fyrir könnun á líðan og viðhorfi starfsfólks á gisti-, veitinga- og skemmtistöðum í maí og hyggst leggja sömu könnun fyrir í haust til að meta áhrif reykingabannsins á starfsfólki.

Hinn 1. júní verður með öllu óheimilt að reykja innanhúss í þjónusturýmum stofnana, fyrirtækja og félagsamtaka og þar sem menningar- og félagsstarfsemi fer fram. Í lögnum eru jafnframt settar tilteknar skorður við reykingum á útisvæðum þessara staða. - sdg

VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD



METNAÐARFULLT, FRAMSÆKIÐ OG HAGNÝTT NÁM

6 námsleiðir

- BA í hagfræði
- BS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- BS í hagfræði
- BS í reikningshaldi
- BS í fjármálum
- BS í stjórnum og forystu

Umsóknarfestur er til 5. júní.

Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.


Styrktu stöðu þína og sæktu um. Rafræn skráning og upplýsingar um námið eru á vef viðskipta- og hagfræðideildar, www.viðskipti.hi.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »


Alicante	26°C hálfskýjað
Mallorca	24°C hálfskýjað
Basel	29°C hálfskýjað
Eindhoven	26°C hálfskýjað
Las Palmas	22°C hálfskýjað

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur
SUMARIÐ KOMIÐ
„Loks hlýnaði“ sagði við mig bóndi á Norðausturlandi í gær og heyrna mátti sælutón í röddinni. Það bykir víst ekki góð blanda að vera með ofankomu, snjó- eða slydduél og norðangarra í miðjum sauðburði. Skil ég það vel. Á hinn bóginn er það ánægjulegt fyrir alla, ekki síst ferðalanga, að komið sé veður sem minni á sumarið. Reyndar er og hefur verið ágætt veður syðra.
VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Hæg breytileg átt. Bjart í fyrstu en þungbúnara síðdegis. Hiti 8-13 stig.

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Fjölskyldan hjá SPRON



ARGUS / 07-0339

Ekki missa af endurgreiðslunni!

Fjölskyldan hjá SPRON er þjónustuleið sem er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda.

Ávinningur sem munar verulega um!

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar.
- Árlega 5% afsláttur á tryggingaiðgjöldum auk sérkjara á kaskótryggingum bifreiða.*
- Tómstundastyrkir, vegleg inngöngugjöf við skráningu og fleira.
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðarlána, yfirdráttar eða víxla og nú einnig vegna erlendra lána.

Skráðu fjölskylduna á spron.is og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

* Hjá VÍS (Vátryggingarfélagi Íslands).

75 ára

 **spron**



Viltu fá olíuhreinsunarstöð í þitt byggðarlag?

Já	32%
Nei	68%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fórstu í kirkju um hvítasunnuna?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Fjölskylduhelgi í Vestmannaeyjum undir yfirskriftinni Hrósum hvert öðru:

Hátt í 400 lögðu leið sína til Eyja

VESTMANNEYJAR Fjöldi fólks fór til Vestmannaeyja um hvítasunnuhelgina og var fullt í allar ferðir með ferjunni Herjólf og flugvélum Flugfélags Íslands, auk þess sem Flugfélag Vestmannaeyja flaug látlaut til Eyja.

Margt var við að vera í Eyjum um helgina. Fjölskylduhelgi undir yfirskriftinni „Hrósum hvert öðru“ var haldin í þriðja skipti, sjóstangveiðimenn kepptu sín á milli á móti og 38 hljómsveitir stigu á stökk á tónlistarháttöinni Eyjafest.

Allt fór þetta vel fram, að sögn lögreglunnar í Vestmannaeyjum, sem taldi að hátt í 400 manna hefðu bæst við íbúafjöldann.

- sdg



Á HEIMLEIÐ Starfsmaður fylgdist með bílum á leið inn í Herjólf af hafnarbakkanum í Vestmannaeyjum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Tölva á 90 prósent heimila:

Flestir nota netið daglega

TÆKNI Tæp 90 prósent íslenskra heimila eru með tölvur og 84 prósent heimila geta tengst interneti, samkvæmt rannsókn Hagstofunnar á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti.

Nú af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum 16 til 74 ára nota tölvu og internet. Flestir nota netið næstum daglega, helst til samskipta og upplýsingaleitar.

Þriðji hver Íslendingur hefur pantað og keypt vörur eða þjónustu um internet. Algengast er að fólk kaupir farmiða, gistingu eða annað tengt ferðalögum á netinu.

- sdg

BOÐEIND.IS

Boðeind í 20 ár - Þar sem verð og gæði fara saman

Mikið úrval fartölva - Fartölvur fyrir heimilið, skólann, vinnuna, tölvuleikina

Asus fartölvur með innbyggðum leikjaskjálum t.d.

Geforce 7700 512MB DDR3

Innbyggð vefmyndavél taska og mús fylgir frítt með öllum fartölvum frá Boðeind

Verð frá kr 74.900,- stgr.

Hágæða 19" - 22" LCD skjár á frábæru verði Endurnýjunartími 2 ms

Verð frá kr. 22.900,-

Frábær borðtölvutilboð Heimilis-, leikja, - klippi-, fyrirtækjatölvur o.fl o.fl

Verð frá kr. 69.900,-

Framúrskarandi LCD sjónvörp frá hinu virta skjáfyrtækni ViewSonic

ViewSonic 32" LCD TV

Almennt verð kr. 154.900,-

Staðgreiðsluverð kr 109.900,-

ViewSonic 37" LCD TV

Almennt verð kr. 214.900,-

Staðgreiðsluverð kr. 144.900,-

ViewSonic 40" LCD TV

Almennt verð kr. 264.900,-

Staðgreiðsluverð kr. 174.900,-

Staðgreiðslulán fáanleg til allt að 36 mánaða

Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðis- og fyrirtækjapjónustu

Mörkin 6 - 108 Rvk. - Sími: 588 2061

sala@bodeind.is - thjonusta@bodeind.is

Féll af baki þegar vörubílar flautuðu

Hestamaður féll af baki og lá bjargarlaus í 25 mínútur eftir að vörubíll flautaði og sturtaði jarðvegi við reiðstíg í Kópavogi. Hestamenn telja þeim ekki sýnd næg tillitssemi. Kópavogsbær hefur ekki fengið tilkynningar um alvarleg slys.

KÓPAVÖGUR Hestar hafa fælst og menn fallið af baki og slasast vegna framkvæmdanna við hestamannahverfið Heimsenda í Kópavogi. Hestamenn telja að hestamönnum sé ekki sýnd nægileg tillitssemi af hendi bæjaryfirvalda og verktakans. „Vægðarlaus skepnuskapur,“ segir Gunnar Andrés Sigtryggsson hestamaður.

Gunnar Andrés datt af baki hinn 20. febrúar þegar hann var að ríða út eftir hádegi. Hann segir að tveir stórir vörubílar hafi flautað og sturtað jarðvegi í nágrenni við sig, hesturinn fælst og hann fallið í götuna. Hann hafi legið hjálparvana á reiðstígnum í 25 mínútur þar til vegfarandi hafi komið sér til aðstoðar eftir að hafa séð hestinn hlaupa um með mannláusan hnakkinn.

Sjúkrabíll kom og sótti Gunnar. „Ég lá í viku á sjúkrahúsi með sex viðbein brotin og skaddað vinstra lunga sem síðan féll saman. Ég þurfti að fara í brjóstholsaðgerð og fór þrisvar sinnum á lungna- og hjartaskurðeild á Landspítalanum. Ég hef verið sjúklingur og frá vinnu í þrjá mánuði út af þessu slysi,“ segir hann.



GRÖFUR ÚTI UM ALLT „Hér eru stórar gröfur úti um allt, jafnvel við húsgaflinn á hesthúsinu,“ segir Gunnar Andrés Sigtryggsson hestamaður.



FRÁ VINNU EFTIR SLYSIÐ Tveir stórir vörubílar sturtaðu jarðvegi, hesturinn fældist og Gunnar Andrés Sigtryggsson hestamaður féll í götuna. Þar lá hann hjálparlaus í 25 mínútur þar til vegfarandi sá hestinn hlaupa um með mannláusan hnakkinn og kom honum til aðstoðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gunnar kveðst tala fyrir alla hestamenn á svæðinu. Hann nefnir sem dæmi að maður nokkur hafi nýlega verið að teyma undir sex ára dóttur sinni. „Hestarnir skynja umhverfið betur en við höldum oft. Hér eru stórar gröfur úti um allt, jafnvel við húsgaflinn á hesthúsinu. Hestinum brá við eitthvað, rauk til og stelpa datt af baki og lærbrotnaði,“ segir hann og nefnir annað dæmi af konu sem var að ríða milli Heimsendahverfis og Andvarahverfis. „Hún hringdi í lögreglu því hún þorði ekki til baka. Vélarnar voru svo nálægt reiðstígnum.“

Gunnar er afar ósáttur við þau orð Stefáns L. Stefánssonar, starfsmann Kópavogsbæjar, í Frétta-

blaðinu nýlega þegar hann hélt því fram að verktakar tækju tillit til hestamanna. „Ég mótmæli þessu fyrir hönd allra hestamanna hér í Heimsendahverfinu og Andvarahverfi. Þetta er ekki rétt,“ segir hann. „Hér lifa menn í ótta með hestana sína, sjálfa sig og börnin sín.“

Stefán segist hafa frétt af stúlku sem hafi fallið af baki í vetrarbyrjun en ekki brotnað. „Við höfum ekki fengið neinar tilkynningar um þessi slys og teljum okkur vinna í fullu samráði við hestamannafélagið. Markmiðið er að gæta fyllsta öryggis. Ef við fáum upplýsingar um slíkt bregðumst við að sjálfsögðu við.“

ghs@frettabladid.is

Lögregla leitar tveggja eftir hrottalegt rán í miðbænum en hefur upplýst annað:

Tældur í húsasund, barinn og rændur

LÖGREGLUMÁL Tvö rán voru framin í Reykjavík aðfaranótt sunnudags og á sunnudagsmorgun, annað vopnað rán í verslun og hitt fólkskuleg líkamsárás og rán. Tveir ræningjar eru enn ófundnir.

Ung kona lokkaði 67 ára karlmann inn í húsasund við Laugaveg á þriðja tímanum, en þegar inn í sundið var komið beið þar karlmaður sem sló manninn með barefli í hnakkann. Þau rændu af manninum veski, farsíma, bíllyklum, tóbaki, úri og gleraugum. Síðan létu þau högg og spörk dynja á andliti hans og líkama svo hann hlaut skurði á höfði, nefbrotnaði og rifbeinsbrotnaði. Að sögn varðstjóra lögreglu



10-11 DALVEGI Ungur maður með langan afbrotaférl rændi verslunina á sunnudagsmorgun vopnaður járnstöng.

hefur enginn verið handtekinn en rannsóknin mun vera í góðum farvegi.

Laust fyrir klukkan níu rændi

maður um tvítugt verslun 10-11 á Dalvegi í Kópavogi, vopnaður járnstöng. Hann ógnaði starfsfólki með stönginni og lét það afhenda sér tóbak, peninga og smávörur. Því næst yfirgaf hann verslunina á hlaupum án þess að vinna starfsfólkinu mein.

Lögreglumaður sem kominn var á vettvang sá manninn yfirgefa verslunina og elti hann. Hann var loks handtekinn á leið til síns heima í Seljahverfi. Hann hafði losað sig við hluta þýfisins og bareflið, en var undir áhrifum fíkniefna og veitti móþróa við handtöku. Maðurinn, sem á langan afbrotaférl að baki, var yfirheyrður en sleppt að því loknu. Málið telst upplýst.

- sh



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

HEILBRIGÐISDEILD

Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri býður upp á nám til B.Sc. gráðu í hjúkrunarfræði og iðjupjálfunarfræði.

HJÚKRUNARFRÆÐI: Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunar störfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Klínískt nám hefst strax á fyrsta ári, fer fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

IÐJUPJÁLFUNARFRÆÐI: Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í iðjupjálfunarfræði. Markmið námsins er að búa nemendur undir fjölbreytt störf sem iðjupjálfar í heilbrigðis- og félagsþjónustu, skólakerfinu og á almennum markaði. Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Vettvangsnám er 25 vikur.

Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is

Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara
- Verkefnavinna – bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni
- Frábær aðstaða – nýlegt húsnæði fyrir verklega kennslu

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ 2007



„Frá því að ég ákvað að fara í hjúkrunarfræðinám kom aldrei neitt annað en HA til greina. Ég var búin að heyra að skólinn væri góður og persónulegur og það heillaði mig. Bekkirnir eru passlega stórir og maður nær að kynnast bekkjarfélögum sínum nokkuð vel. Félagslífið er líka mjög skemmtilegt og hef ég verið öflug í að taka þátt í því bæði sem skipuleggjandi og nemandi. Mér finnst námið hér frábært, hér er yndislegt að búa, ég er búin að eignast góða vini og á eftir að hugsa um háskólaárin mín hérna á Akureyri sem eins eftirminnilegasta tíma lífs míns.“

Eva Björk Axelsdóttir
3 árs nemi í hjúkrunarfræði

Skólabærinn Akureyri

- Frítt í strætó og engir stöðumælar
- Listasafnið og leikhúsið
- Hlíðarfjall og Akureyrarlaug
- Skautahöllin og Kjarnaskógur
- Flottar líkamsræktarstöðvar
- Veitingahús, kaffihús og skemmtistaðir

Frá kr. 2.790.000

TUCSON

Gerðu góð kaup og veldu Hyundai



Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Hyundai hefur gæðin

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeild



Laganám í Háskóla Íslands: Reynsla, metnaður og gæði

Umsóknarfrestur er til 5. júní. www.lagadeild.hi.is.
Skrásetningargjald allt skólaárið aðeins kr. 45.000.-

Einum sleppt og tveggja enn leitað eftir fólkskulegar líkamsrásir í höfuðborginni: Lágu meðvitundarlausir í blóði sínu

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru fluttir meðvitundarlausir á slysa-deild Landspítalans eftir fólkskulegar líkamsrásir aðfaranótt sunnudags. Lögregla leitar enn tveggja árásmanna.

Um klukkan þrjú réðst rúmlega tvítugur maður á annan og sló til hans á mótum Hverfisgötu og Klapparstígs. Mörg vitni urðu að árásinni og var lögregla snarlega kölluð til. Þegar hún kom á staðinn var maðurinn við það að missa meðvitund, með stórt sár á hnakk-anum sem mikið blæddi úr. Maðurinn var skilríkjalaus en ljóst þótti að hann væri erlendur. Hann var fluttur meðvitundarlaus á slysa-



LANDSPÍTALI Lithái var fluttur meðvitundarlaus á spítalann og var án skilríkja.

deild og þegar hann vaknaði morguninn eftir og gat sagt deili á sér kom í ljós að hann var Lithái. Hann var útskrifaður skömmu síðar.

Árásmaðurinn, sem var undir áhrifum áfengis og vímuefna, var handtekinn á staðnum en sleppt að loknum yfirheyrslum. Hann þekkti ekki fórnarlambið.

Þá fannst maður liggjandi meðvitundarlaus í blóði sínu í Engjaseili í Breiðholti undir morgun. Tveir menn höfðu ráðist á hann og slegið í höfuðið. Vitni gátu gefið lögreglu upp númer bíls árásmannanna, en þeir eru enn ófundnir. Fórnarlambið komst til meðvitundar undir hádegi.

Fimm önnur líkamsrásarmál komu til kasta lögreglu aðfaranótt sunnudags, flest minniháttar.

- sh

Álftir sem ekki verpa hópa sig saman á láglandi á varptímanum:

Mikill minnihluti varpfuglar

FUGLAR Vegfarendur um þjóðvegi landsins hafa upp á síðkastið víða tekið eftir stórum álftahópum á túnnum við vegina. Guðmundur A. Guðmundsson fuglafræðingur segir ástæðuna vera þá að nú standi varptíminn sem hæst og því hópi sá hluti stofnsins sem ekki tók þátt í varpinu sig saman á meðan þörin sinni ungvíðinu. „Í íslenska álftastofninum eru um tuttugu og fjögur þúsund fuglar og stór hluti hans tekur ekki þátt í varpinu. Núna erum við með um tvö þúsund þör þannig að varpfuglarnir eru ekki nema svona fjögur þúsund,“ segir hann.

Guðmundur segir ekkert óeðlilegt við það að svo stór hluti stofnsins taki ekki þátt í varpinu. „Stofninn hefur verið í hægum vexti undanfarin ár og það eru þessi tvö þúsund þör sem sjá um að viðhalda honum. Margar ástæður geta verið fyrir því að



VARPTÍMINN HAFINN Álftapör á Íslandi eru ekki mörg miðað við stærð stofnsins.

hinir fuglarnir taka ekki þátt í varpinu og einhverjir þeirra eru til dæmis ungfuglar sem eiga bara eftir að para sig,“ segir hann. - es

CAPACENT ÞJÁLFUN KYNNIR

LENGRA NÁM VETURINN 2007-2008

Næsta haust býður Capacent þjálfun uppá fjölbreytt úrval lengra náms.

Í námi hjá Capacent er lögð áhersla á að hagnýt reynsla leiðbeinenda úr ráðgjöf fyrir íslensk fyrirtæki nýtist þátttakendum og að þeir fái þjálfun í að beita aðferðum og tækjum sem gagnast þeim í starfi strax að námi loknu.

- Breytingastjórnun. Hefst 10. október
- Fjármál stjórnandans. Hefst 30. ágúst
- Leiðtögin – samskiptafærni. Hefst 6. september
- Markaðsmál fyrir stjórnendur. Hefst 5. september
- Markviss mannauðsstjórnun. Hefst 23. ágúst
- Nám fyrir almenna bókara. Hefst 4. október
- Stjórnendur framtíðarinnar II. Hefst 23. ágúst
- Stjórnendur framtíðarinnar. Hefst 12. september
- Stjórnun og forysta í skólaumhverfi 15 einingar. Hefst 20. september
- Stjórnun og forysta í skólaumhverfi 30 einingar. Hefst 14. september
- Verkefnastjórnun með Morten Fengel. Hefst 8. janúar 2008

Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.

Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

capacent

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM



Nú er allt hægt hratt

– á Seltjarnarnesi

Ljósleiðari er fjarskiptatenging framtíðarinnar. Með ljósleiðaratengingu eru möguleikarnir til afþreyingar og fjarskipta næstum endalausir – allt á hraða ljóssins.



Við óskum Seltjarnarnesi til hamingju með að vera fyrsta ljósleiðaravædda sveitarfélagið í heiminum! Þar er nú allt hægt – hratt.



Kostir ljósleiðarans

- Margfaldur hraði miðað við ADSL
- Sami nethraði til og frá notanda
- Óþarfi að greiða fyrir símalínu
- Ekkert loftnet, ekkert vesen
- Fjöldi sjónvarpsrása
- Myndleiga
- Sjónvarpið truflar ekki hraða Internetsins
- Ljósleiðarinn ræður við marga myndlykla
- Tilbúinn fyrir háskerpusjónvarp

Nú eru þúsundir heimila á höfuðborgarsvæðinu tengd með ljósleiðara. Er þitt heimili eitt þeirra?

Kannaðu málið á www.gagnaveita.is



**GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR**

Til að kaupa þjónustu um ljósleiðarann hafið samband við eftirfarandi þjónustuaðila:

digital ísland
S. 515 6100

vodafone
S. 1414

Hive
S. 414 1616

Hringiðan
INTERNETÞJÓNUSTA
S. 525 2400



FÓSTURMÆÐGIN Læða liggur makindalega meðan hún gefur móðurlausum hvolpi mjólk að drekka af spena. Hvolpinum gekk hún í móðurstað eftir að hafa misst kettlinginn sinn.

NORDICPHOTOS/AFP

Ný rannsókn Kennaraháskólans á skólamálum nemenda með þroskahömlun:

Félagsleg samskipti erfið

ÞJÓDFÉLAGSMÁL Skólinn og foreldrar nemenda með þroskahömlun hafa mjög ólíkt sjónarhorn í skólumálum barnanna, að því er fram kemur í nýrri rannsókn sem Kennaraháskólinn hefur gert fyrir Þroskahjálp. „Þetta er munur sem er ekki eðlilegur, að mínu mati, og þarf að skoða sérstaklega,“ segir Grétar L. Marinósson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands.

„Foreldrum finnst skólinn ekki gera nóg fyrir börnin og eru uppteknir af því að fá lestrarkennslu fyrir þau meðan skólarnir vilja frekar kenna þeim sjálfshjálp og verklega þætti. Það virðist vera undirliggjandi mismunandi trú á



GRÉTAR L. MARINÓSSON

möguleika nemendanna til að læra. Foreldrar vilja að gerðar séu meiri kröfur og hafa meiri trú á krökkunum, en skólarnir virðast halda þeim meira í hlutverki yngri barna,“ segir hann.

Rannsóknin sýnir að foreldrar eru ekki nógu nánir þátttakendur í skólastarfinu. Réttur þeirra til að velja einir skóla fyrir barn sitt er ekki talinn sjálfsgæður og þeir þurftu oft að berjast fyrir því að sérþarfir barnanna væru viðurkenndar í kerfinu. Grétar segir að margir foreldrar upplifi að börn þeirra séu útilokuð eða að þau fái ekki inngöngu í skóla.

Skólinn eigi erfitt með að kenna nemendum félagsleg samskipti og líti ekki á það sem meginhlutverk sitt. Þetta valdi mörgum áhyggjum og geti valdið erfiðleikum í framtíðinni.

- ghs

Dæmdur í fangelsi fyrir árás: Hálft ár fyrir árás með flösku

DÓMSMÁL Rúmlega þrítugur maður hefur verið dæmdur í hálfs árs fangelsi fyrir að hafa brotið glerflösku á andliti manns í Hressingarskálunum í Reykjavík í desember. Fórnarlambið hlaut tvo stóra og djúpa skurði í andlitið.

Árásarmaðurinn neitaði sök en vitnisburður hans þótti reikull og haldlítill gegn samhljóða frásögn annarra vitna.

Árásarmaðurinn var þrisvar dæmdur fyrir brot gegn almennu hegningarlögum á árunum frá 1997 til 2000. Þá hefur hann gengist undir fjölmargar sættir vegna ýmissa brota.

- sh

NÝTT

Bylting í meðferð á fót sveppi ...

LAMISIL ONCE

– sveppasýkingarlyfið sem einungis þarf að bera á einu sinni!



Verum með fallegar tær í sumar!

FÆST ÁN LYFSEDILS

Lamisil Once 1% húðlaun inniheldur 10 mg af terbinafíni (sem hydróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fót svepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ónæmi fyrir terbinafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvortis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húð-meðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir algjöra eyðingu sveppsins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild laun og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan, Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is



- Lífið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



HVIMLEITT VANDAMÁL List eða skemmdarverk? Sama hvernig lítið er á málið er ólöglegt að krotta á annarra manna eitur.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hærrí fjárveiting í hreinsunar veggjakrots í miðbænum:

Verktakar fengnir í að þrifa veggjakrot

UMHVERFISMÁL Borgarráð hefur samþykkt þrjátíu milljóna króna fjárveitingu til aukinnar hreinsunar í miðborginni. Fjármagnið fer meðal annars í aðgerðir gegn veggjakroti.

„Við höfum lagt fram tillögur í borgarráði um frekari lausnir á veggjakroti og höfum samræmt þau úrræði sem borgin hefur til þess að stemma stigu við skemmdarverkum af þessu tagi,“ segir Hrólfrur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

Hrólfrur segir að tekið verði á málunum frá ýmsum hliðum. Íþrótt- og tólmstundaráð taki að sér að tala við krakkana í félags-

miðstöðvunum og menntasvið muni taka vandamálið fyrir í skólunum líka. „Við ætlum einnig að vera í samstarfi við íbúa og verslunareigendur í miðbænum,“ segir Hrólfrur og bætir því við að allt sé þetta unnið í samstarfi við lögregluna.

Hrólfrur segir að fræðsla skipti miklu máli og viðhorfsbreyting þurfi að eiga sér stað enda sé ekki í lagi að skemma eitur annarra með þessum hætti.

Samið hefur verið við verktaka sem verður að störfum í miðborginni næstu tvo mánuðina við þrif á veggjakroti. Stefnt er að því að bjóða út fleiri svæði til að þrifa í haust.

- þo

101skuggi.is

RAUNVÍSINDAEILD

Raunvísindaeild er eina alhliða háskóladeildin á Íslandi sem fæst við raunvísindi og gegnir því lykilhlutverki sem kennslu-, rannsókn- og menningarstofnun. Alls er boðið upp á 21 námsleið til BS-prófs við 7 skóla. Rannsóknatengt framhaldsnám til meistaraþrófs og doktorsþrófs er í boði í öllum greinum. Nám við deildina er að skipulagi og innihaldi sambærilegt við það sem best gerist við erlenda háskóla. Rannsóknarnám er öflugt og vaxandi.

Hérna gerist það

Próf frá raunvísindadeild Háskóla Íslands hefur veitt nemendum aðgang að framhaldsnámi og rannsóknum við flesta af bestu háskólum heimsins.

Eftirspurn eftir hámenntuðu fólki á sviði raunvísinda og tækni er sívaxandi á öllum sviðum þjóðlífsins. Raunvísindamenntað fólk starfar meðal annars við rannsóknir, hátækniiðnað, kennslu, fjármál, stjórnsýslu, þjónustu og umhverfismál.

Umsóknarfrestur fyrir grunnnám er til 5. júní
Upplýsingar á www.raunvisindi.hi.is

Frá rannsóknastofu í örtækni við eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans.

Til að ná árangri þarf metnað. Í tæpa öld hefur Háskóli Íslands gegnt lykilhlutverki í íslensku samfélagi og tekið þátt í að efla það og styrkja. Metnaður Háskóla Íslands er metnaður íslensku þjóðarinnar. Stefna Háskóla Íslands er skýr: Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtíamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi. Það er framtíðin.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

RAUNVÍSINDAEILD

MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐISKOR



MATVÆLA- OG NÆRINGAFRÆÐI

Þrjár námslínur eru í boði:

- Næringarfræði
- Matvælavinnsla
- Matvælaefnafræði

Matvæla- og næringarfræðingar eru mjög eftirsóttir á vinnumarkaði þar sem þeir sinna mikilvægum störfum sem tengjast matvælaframleiðslu, manneldi, heilbrigðisþjónustu, rannsóknum, stjórnun, ráðgjöf og markaðsmálum.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skolarinnar:

www.raunvisindi.hi.is/page/matvskor

Umsóknarfrestur er til 5. júní



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

OROBLU

LADY FORM
Taglie forti
Full-figured sizes

Il collant su misura per le misure extra
The "custom made" tights for the full-figured Woman

Sokkabuxur sem eru sérsniðnar fyrir stórvaxnar konur

Sitt sýnist hverjum um snjóflóðavarnir á Siglufirði:

Moldin fýkur á bíla

UMHVERFISMÁL „Auðvitað trúir maður því að þessir varnargarðar séu reistir út af því að þörf er á þeim og að ekki sé kastað til höndunum við verkið,“ segir Jón Andrjes Hinriksson, útibússtjóri Olís á Siglufirði. „Þó held ég að þú finnr engan sem þykir varnargarðurinn ekki stinga í augun.“

Jón Andrjes segist heyra ýmislegt sem brenni á fólki og það sé orðið langþreytt á ástandinu.

„Eins og málið var kynnt fyrir okkur átti að græða varnargarðinn upp jafnóðum og hann yrði reistur. Það hefur ekki verið gert

og íbúar í norðanverðum bænum geta ekki opnað glugga vegna moldar í loftinu. Bílar sem eru þvegnir að morgni eru orðnir grútskítugir seinni partinn,“ segir Jón.

Skiptari skoðanir eru um önnur álitamál sem tengjast framkvæmdunum og erfiðara að fullyrða nokkuð um það að svo stöddu máli. „Eigendur húsa sem standa alveg nyrst í bænum eru hræddir um að þunginn af varnargarðinum valdi sigi á húsunum.“

Ráðist var í gerð snjóflóða-varnargarða víðs vegar um landið eftir úttekt ofanflóðasjóds. - beb

Breytingar á útibúum Byrs

Stjórnarformaður Byrs og stjórnarformaður SPK hafa fengið umboð til að eiga viðræður um sameiningu sjóðanna. Byr leitar að nýju húsnæði.

HÚSNÆÐISMÁL Stjórnir Byrs sparísjóds og Sparisjóds Kópavogs, SPK, hafa veitt stjórnarformönnum sínum umboð til að ganga til viðræðna um sameiningu sjóðanna. Sameiginlegur sjóður Byrs og SPK yrði með 130 milljarða króna efnahag. Í tilkynningu frá sjóðunum segir að með sameiningu fjölgi möguleikum til framþróunar og sóknar og að til verði fyrirtæki með mjög sterka markaðsstöðu á höfuðborgarsvæðinu.

Byr sparísjóður varð til í fyrra við sameiningu Sparisjóds vélstjóra og Sparisjóds Hafnarfjarðar. Sjóðurinn rekur nú sex útibú í Reykjavík, Garðabæ og Hafnarfirði og SPK er með þrjú útibú í Kópavogi. Ragnar Z. Guðjónsson, sparísjódsstjóri Byrs, segir að sjóðurinn sé að leita sér að húsnæði fyrir höfuðstöðvar því að mjög óhentugt sé að vera á tveimur stöðum. Á þessari stundu komi Kópavogur helst til greina, til dæmis í nýbyggingunum við Smáralind. „Við eigum ekki í samningaviðræðum við neinn,“ segir hann.

Byr hefur verið í húsnæðishugleiðingum frá sameiningu en engin niðurstaða liggur fyrir. „Við þurfum náttúrulega að finna okkur sameiginlegar höfuðstöðvar. Við komum ekki allri starfseminni fyrir í Hafnarfirði og heldur ekki í Borgartúni,“ segir hann. „Við höfum skoðað fullt af eignum. Ef við ætlum að vera með alla starfseminna á einum stað fyrir utan útibúareksturinn myndum við flytja alla starfsemi aðra úr Borgartúni og Hafnarfirði nema útibúin.“

Breytingar eru fyrirhugaðar á útibú Byrs á Strandgötu í Hafnarfirði. „Við ætlum að færa það til



SAMEIGINLEGAR HÖFUÐSTÖÐVAR

„Við þurfum náttúrulega að finna okkur sameiginlegar höfuðstöðvar,“ segir Ragnar Z. Guðjónsson, sparísjódsstjóri Byrs.

nútíma horfs. Við fækkuðum gjaldkerastúkum og gerðum fleiri breytingar í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað í bankaafgreiðslu í Borgartúni 2005 og ætlum að gera það sama á Strandgötu. Við ætlum að gera hana að stórglæsilegu, nútímalegu útibú. Kjarnaútibúin verða þá tvö, annað í Hafnarfirði og hitt í Reykjavík.“

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að bærin hafi áhuga á húsnæði sparísjódsins og viðræður átt sér stað. Þetta þurfi að skýrast á næstu vikum. „Við þurfum að bæta við okkur rými á þessu svæði og höfum verið að banka í bakið á sparísjóðnum. Ef tækifæri opnast þá höfum við áhuga á að skoða það.“

ghs@frettabladid.is

Tveir karlkyns flamingóar stálu eggjum annarra fugla:

Samkynhneigðir fuglar ættleiddu

BRETLAND Tveir karlkyns flamingóar hafa gengið yfirgefnum unga í foreldrastað í dýragarði í Gloucestershire í Bretlandi, að því er BBC greinir frá.

Flamingóarnir Carlos og Fernando, sem hafa verið saman í sex ár, hafa reynt að koma sér upp eigin fjölskyldu með því að stela eggjum annarra flamingóa. Hafa þeir flæmt þá af hreiðrum sínum og setið sjálfir á eggjunum.

Þegar hreiður með unga var yfirgefið í síðustu viku ákvað starfsfólk dýragarðsins að velja flamingóana til að „ættleiða“ ungann og sinna þeir foreldrahlutverkinu af alúð.

- sdg



FLAMINGÓI ÁSAMT UNGA Carlos og Fernando eiga ekki í vanda með að næra ungann þar sem þeir geta framleitt mjólk í hálsinum. NORDICPHOTOS/AFP

Næg verkefni fyrir alla: Vinnuskólinn að hefjast

VINNUMARKAÐUR Gert er ráð fyrir að um 2.500 ungmenni muni starfa hjá Vinnuskóla Reykjavíkur nú í sumar. Skráningum lýkur í næstu viku en skólinn hefst 11. júní og gert er ráð fyrir að fjöldi nemenda verði svipaður og í fyrra. Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskólans, segir að hægt verði að útvega öllum vinnu sem vilja og það sé nóg af verðugum og skemmtilegum verkefnum sem bíða ungmennanna í sumar.

Sumarstarf skólans stendur til 3. ágúst en elstu nemendurnir geta fengið að vinna til 10. ágúst.

- lbb

Rúmlega fertugur karlmaður ákærður fyrir að skjóta úr haglabyssu á víðavangi og beita lögreglu ofbeldi: Barði lögreglumann í hnakkann með byssuskefti

DÓMSMÁL Rúmlega fertugur maður hefur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur verið ákærður fyrir vopnabrot og brot gegn valdstjórninni fyrir að hafa, undir áhrifum áfengis í september síðastliðnum, skotið úr haglabyssu á víðavangi, barið lögreglumann með byssuskeftinu og hótad honum lífláti.

Tveir menn, annar þeirra vopnaður haglabyssu, voru á gangi um nótt í Efra-Breiðholti og skaut annar þeirra úr byssunni í götuna. Sérsvéit Ríkislögreglustjóra var kölluð út um leið og ljóst var að vopnaður maður væri á ferð, og þegar lögreglumenn komu á vettvang voru mennirnir komnir niður

í Elliðaárdal. Annar mannanna sýndi engan mótþróa við handtöku, en sá vopnaði streittist á móti og sló meðal annars einn lögreglumannanna í hnakkann með byssuskeftinu með þeim afleiðingum að lögreglumaðurinn féll við og hlaut eymsli á hnakka. Þá sneri hann sér að öðrum lögreglumanni með byssuna að vopni og beindi hlaupinu að honum. Lögreglumaðurinn náði taki á hlaupinu og beindi því frá sér og var maðurinn þá tekinn höndum.

Þess er krafist að maðurinn verði dæmdur til refsingar, og auk þess að þrjár haglabyssur og þrjár rifflar verði gerð upptæk.

- sh



Í ELLIÐAÁRDAL Mennirnir voru komnir niður í Elliðaárdal þegar átök annars þeirra við lögreglu hófust.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ANNAÐ LÍF ÁSTÞÓRS Ástþór stundar hefðbundinn búskap þrátt fyrir að vera bundinn hjólastól.

Hetjusaga ungs bónda:

Annað líf Ástþórs frumsýnd

FÓLK Heimildarmyndin „Annað líf Ástþórs“ var frumsýnd á Heimilda- og stuttmyndahátíðinni í Reykjavík í Tjarnarbíói í gær. Hún er saga ungs bónda á Rauðasandi á Vestfjörðum, Ástþórs Skúlasonar, sem missti allan mátt í líkamanum fyrir neðan mitti eftir umferðarslys árið 2003. Í kjölfarið hefur hann þurft að takast á við gjörbreyttar aðstæður eftir slysið.

Þorsteinn Jónsson kvikmyndagerðarmaður er leikstjóri og framleiðandi myndarinnar.

- lbb

Sameinaði lífeyrissjóðurinn:

Tillit tekið til félagslegra þátta

VIÐSKIPTI Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins hefur ákveðið að taka upp leiðbeinandi reglur



Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar. Þorbjörn Guðmundsson stjórnarformaður segir upptökuna ekki kalla á miklar breytingar.

ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON

Þeir sem gangast undir reglurnar skuldbinda sig til að taka tillit til umhverfis- og félagslegra þátta við fjárfestingar. „Menn hafa að miklu leyti nú þegar tileinkað sér reglurnar þrátt fyrir að vinna ekki formlega eftir þeim,“ segir Þorbjörn. Hann segir þó að þetta geti haft áhrif í framtíðinni þegar lífeyrissjóðir fara í auknum mæli að fjárfesta erlendis.

- sh



KAUPÞINGS MÓTARÖÐIN 2007

- 19. - 20. maí Garðavelli
- 02. - 03. júní Korpúlfsstaðavelli
- 23. - 24. júní Hólmsvelli í Leiru
- 26. - 29. júlí Íslandsmót, Hvaleyrarvelli
- 25. - 26. ágúst Íslandsmót í holukeppni, Urriðavelli
- 07. - 09. sept. Vestmannaeyjavelli
- 22. - 23. sept. Lokamót allra flokka, Grafarholti

ENNEMM/ISI/IMG27822

**REYKLAUSIR
VEITINGA- OG
SKEMMTIÐAÐIR**

1. JÚNÍ 2007



LYÐHEILSUSTOÐ



Kaupþing er aðalsamstarfsaðili Gólf Sambands Íslands



„ORÐRÉTT“

Engu rústað

„Og ég ætla að minnsta kosti ekki að fara að reyna að rústa íslenskum landbúnaði með því að fara að hefja hér innflutning.“

EINAR K. GUÐFINNSSON NÝSKIP-ADUR LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA RÆÐIR UM HUGSANLEGAN INNFLUTNING Á BÚVÖRUM, SEM MARGIR KALLA EFTIR.

Fréttir Stöðvar 2, 27. maí.

Landsvirkjun ekkert fríríki

„Og satt að segja er ég undrandi á þeirra vinnubrögðum en það er nú svona, þeir hafa lengi verið eins og fríríki í ríkinu en þeir eru það ekki lengur.“

ÖSSURSKARPHÉDINSSON IÐNAÐARRÁÐHERRA VAR UM HELGINA EKKI ANÆGDUR MEÐ YFIRLÝSINGAR LANDSVIRKJUNAR VARDANDI VERNDUN ÞJÓRSÁRVERA.

Hádegisfréttir RÚV 27. maí.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? BJÖRK JAKOBSDÓTTIR LEIKKONA

Sellófan í Finnlandi og Rússlandi

„Það er helst af mér að fréttu að ég var að láta ferma á sunnudaginn,“ segir Björk Jakobsdóttir leikkona. „Við erum dálítið seint á ferðinni, sem helgast af því að við vorum að gera annað um páskana en það er minna að gera hjá okkur á þessum árstíma.“ Þetta er fyrsta fermingarbarnið hjá Björk og eiginmanni hennar, Gunnari Helgasyni leikara. „Mikil tímamót hjá okkur enda unnum við hörðum höndum síðustu vikur við undirbúninginn,“ segir hún. Þótt fermingin sé frá tekur ekki minna ánriki við. Gunnar er á leiðinni til Rússlands að leikstýra söngleik en sjálf ætlar Björk að setja verk sitt Sellófan upp í



Finnlandi og Rússlandi nú í sumar. „Ein fremsta leikkona Finna fer með aðalhlutverk og það verður spes að sjá hvernig þetta fer. En að því loknu fer ég til Rússlands að setja verk mitt upp, það verður ábyggilega enn meira spes,“ segir hún og hlær. Eiginmaður Bjarkar er með veiðidellu á háu stigi. Spurð hvort hún eigi nokkuð eftir að sjá í skottið á honum í sumar segir hún hann hafa slegið tvær flugur í einu höggi. „Hann kom sér upp vinnu í kringum veiðina og er byrjaður að búa til veiðimyndbönd. Þannig að þegar hann fer að veiða segist hann bara farinn í vinnuna og það er erfitt að amast við því. Annars verðum við mikið erlendis í sumar og hann kemst sennilega minna í veiði en venjulega. Reyndar er það víst orðið vinsælt að fara í lax á Kólaskaga í Rússlandi. Hann er kannski ekkert að fara út til að leikstýra eftir allt saman?“

KLÓSETTPAPPÍR
PARFAÞING Í 1500 ÁR

★ Klósettpappír er fyrst getið í rituðum heimildum í Kína á 6. öld eftir Krist. Vitað er að á 14. öld fór fram víðtæk framleiðsla á klósettpappír í Kína. Árið 1393 voru 720 þúsund klósettblöð framleidd fyrir hirðina í Peking. Minnst er á klósettpappír í verkum franska satíru-skáldsins François Rabelais á 16. öld. Klósettpappír var fyrst framleiddur í verksmiðju í Bandaríkjunum árið 1857. Fram að því notuðust góðborgarar við ull, blúndur og bómull en almúginn þurfti að gera sér lauf, mosa og fleira frá náttúrunnar hendi að góðu.

nær og fjær
tilveranSJÓNARHÓLL
ÁRÁSIR Í MIÐBÆNUM

ARNAR JÓNSSON

Forvarnir
mikilvægastar

Tilfnið lausar árási í miðbænum hafa verið töluvert til umræðu upp á síðkastið og margir hafa velt því fyrir sér hvernig best sé að reyna að koma í veg fyrir þær. Arnar Jónsson, leikari og íbúi í miðbænum, hefur skoðun á málinu eins og aðrir.

„Ég held að það eina rétta í stöðunni sé að byrja á því að stokka upp skólakerfið og setja einhverja alvöru peninga í forvarnir,“ segir Arnar.

Margir hafa talið að nauðsynlegt sé að auka löggæslu í miðbænum með því að setja upp myndavélar og fjölga sýnilegum lögregluþjónum en Arnar er ekki sammála því að það sé lausnin. „Þó að settar séu upp milljón öryggismyndavélar og löggum bætt við hefur það ekkert að segja, því ef eitthvað er í ólagi í grunninn þá verður það bara þannig áfram. Til þess að bæta ástandið verður að byrja frá grunninum og laga hann til þess að framhaldið verði í lagi.“

Finnst skemmtilegast að teikna Björn Bjarnason

Á Breiðabólstað í Fljótshlíð býr óvenju drátthagur drengur. Björn Heimir heitir hann og er Ónundarson. Í tómsundum fæst hann við að teikna skopmyndir af framámönnum þjóðarinnar.

„Ég hef verið að teikna síðan ég var lítill en það var í febrúar í vetur sem ég byrjaði að teikna andlit stjórnmálamanna og annarra sem voru í fréttunum. Ég fór í heimsókn á bókasafnið á Hvolsvelli og komst þar í bækur með teikningum eftir Sigmund. Fyrst reyndi ég að herma eftir honum en svo fór ég að teikna sjálfstætt og skapa minn eigin stíl.“ Þannig lýsir Björn Heimir upphafinu að hinu nýja áhugamáli sínu. Hann kveðst prenta út mannmyndir úr tölvunni og teikna svo frhendis eftir þeim og vera með sérstaka blýanta við verkið. „Pabbi gaf mér teiknidót í vetur í fyrirfram afmælisgjöf. Hann sagði að það hefði verið flottasta teiknisettið í Pennanum,“ segir hann ánægður.

Björn er nýorðinn ellefu ára og var í 5. bekk Hvolsskóla í vetur en segist ekki teikna stjórnmálmenn í tímunum þar. „Mér hefur alltaf gengið vel í myndmennt og stundum aðstoða ég kennarann núorðið,“ segir hann, þó án alls yfirlætis.

Það er meira en lítið gaman að fletta möppunni hans Björns Heimis. Allir karakterarnir auðþekktir og málaðir sterkum litum. Sumir hafa gælunöfn. Ragnheiður Ríkhardsdóttir er Ranka og Jóhanna Sigurðardóttir Jósa. En hvern skyldi honum þykja skemmtilegast að teikna? „Björn Bjarnason. Hann hefur svo sterka drætti.“ En hefur einhver pólitíkusa-anna fengið að sjá mynd af sér? „Já, Gunnar Birgisson kom í heimsókn og hann brosti bara þegar mamma sýndi honum myndina af sér,“ svarar hann kankvís.



BJÖRN HEIMIR NOTAR HVERJA FRÍSTUND TIL AÐ TEIKNA.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Næst er Björn Heimir spurður hvort hann hafi eitthvað teiknað sveitungana í Fljótshlíðinni. Hvað með pabba? Hefur hann fengið mynd af sér? Drengurinn flettir upp á öftustu síðu og hver blasir þar við með kragann um hálsinn annar en Breiðabólstaðarklerkurinn? Býst listamaðurinn við að hafa erfitt teiknihæfileikann frá honum? „Nei,“ svarar hann ákveðinn. „Ég hugsa að ég hafi þetta frá móðurömmu minni sem heitir Guðrún Bóel.“

Í lokin er Björn Heimir spurður hvort hann hugsi sér að feta í fótspor Sigmunds? „Já vonandi,“ svarar hann einarðlega og bætir svo við: „En ég ætla ekki að gera teikningarnar að aðalstarfi því mig langar að verða læknir eins og afarnir mínir.“

Eflaust getur hann létt sjúklingum sínum lundina með því að myndskreyta stofuna.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON



GEIR H. HAARDE



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR




ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

Hvað er
að fréttu?

Fréttastofa beintengd
við tölvuna þína

www.visir.is

visir



reddot design award

Gorenje þvottavélar

Fyrir íslensk heimili



1200 snúninga 5 kg:	54.900.-
1200 snúninga 6 kg:	67.900.-
1400 snúninga 6 kg:	72.900.-
1600 snúninga 6 kg:	79.900.-
1600 snúninga 7 kg:	109.900.-

- Mjög hljóðlátar
- Auðveldar í notkun
- Hristivörn
- Flæðivörn
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- 5-7 kg hleðsla
- 1200-1600 snúningar
- A í orkunýtni
- A í þvottahæfni

PIPAR • SÍA • 70083

REYKJAVÍK
Rönning
Borgartúni 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Rönning
Óseyri 2
Sími 460 0800

REYÐARFJÖRÐUR
Rönning
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Rönning
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

RÖNNING
www.ronning.is

Evrópumálin á nýhöfnu kjörtímabili:

Nálgast evruna

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Á ferð um Litháen á dögum, þar sem gjaldmiðillinn er litháískar lítur, varð leiðarahöfundur hugsað til þess sem Daniel Gros, forstöðumaður Evrópurannsóknastofnunarinnar CEPS í Brussel, tjáði Fréttablaðinu í fyrrasumar. Gros, sem er þekktur sérfræðingur í málefnum evrópska myntbandalagsins, taldi ástæðulaust fyrir lönd eins og Litháen, sem gekk í Evrópusambandið árið 2004, að bíða með upptöku evrunnar. Litháar stefndu reyndar að því að skipta út lítunni fyrir evruna um síðustu áramót, en þar sem verðbólga taldist lítið eitt yfir viðmiðunarmörkum Maastricht-skilyrðanna svonefndu varð ekki af því í bili. Slóvenía er eina landið af nýju aðildarríkjunum í Mið- og Austur-Evrópu sem gengið er til liðs við evrusvæðið enn sem komið er. Að minnsta kosti Kýpur og Malta munu bætast við um næstu áramót og Eystrasaltslöndin Litháen, Lettland og Eistland fljótlega í kjölfarið. Öll nýju aðildarríkin eru skuldbundin til að taka upp evruna þegar þau uppfylla skilyrðin. Eftir því sem evrusvæðið verður stærra stækkar hlutfall evrunnar í utanríkisviðskiptum Íslendinga.

Ekkert annað stjórnarsamstarf væri líklegra til að sveigja stefnuna í átt að Evrópusambandinu og evrunni.

En aftur að orðum Daniels Gros. Hann telur það almennan sannleik, að lítil og opin hagkerfi – eins og bæði Eystrasaltslöndin og Ísland eru – hagnist mest á aðild að stóru myntbandalagi. Einna mestu muni um aðganginn að hinum stóra og stöðuga fjármálamarkaði sem evrusvæðið býður upp á. Stefnuyfirlýsingum um Evrópumál var greinilega haldið í algjöru lágmarki í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. En þar sem formaður Samfylkingarinnar er nú orðinn utanríkisráðherra og iðnaðar-, viðskipta- og bankamál eru jafnframt á hendi þess evrópusinnaða flokks má vænta þess að aukin nálgun við Evrópusambandið komist á dagskrá á kjörtímabilinu. Einkum og sér í lagi ef þær raddir innan Sjálfstæðisflokksins styrkjast enn, sem kalla eftir evrunni. Styrkur þeirra radda hefur greinilega verið að vaxa á undanförunum miss-erum, enda mikið um veikleika krónuhagkerfisins rætt í viðskiptalífnum, einkum og sér í lagi í fjármálageiranum. Að minnsta kosti er ljóst að ekkert annað stjórnarsamstarf væri líklegra til að sveigja stefnuna í átt að Evrópusambandinu og evrunni, hvað sem líður hörðum orðum forystumanna Sjálfstæðisflokksins í þeim efnunum á síðustu kjörtímabilum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

HUGARFAR

Félag fólks með heilaskaða, aðstandendur þess og áhugafólk um málefnið

Félagsfundur verður haldinn miðvikudaginn 30.maí 2007 kl: 20:00 í sal Öryrkjabandalagsins Hátúni 10 efstu hæð. Fyrirlesari verður Atli Gíslason lögfræðingur/alþingismaður, frjálssar umræður á eftir.

Allir velkomnir.
Stjórnin

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vopnafemínistar

Fríðbjörn Orri Ketilsson, formaður Frjálslyggingufélagsins, fór í útskrift ystur sinnar um helgina. „Konur voru í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem fengu verðalaun. Nær engir karlmenn fengu verðalaun fyrir afburða árangur. Gott dæmi voru þeir sem fengu hæstu aðaleinkunn á stúdentsprófi en þar voru 10 sem stóðu upp úr eða 8 konur og 2 karlmenn. Þessir einstaklingar lögðu mest á sig allra þeirra 230 nemenda sem útskrifuðust nú á laugardag. Fyrir mér skipta þessu hlutföll engu máli. Sá sem lagði sig harðast fram og stóð sig sem best á að vera í verðlaunsaæti. Sætin eiga ekki að vera merkt fyrir ákveðna tegund kynfæra. Ósannngjarnt hefði

verið að 3 konum hefði verið meinað um verðlaunsaæti til þess eins að 3 karlmenn kæmst í sætin svo hlutfall sigurvegara væri jafnt. En það er einmitt það sem vopnafemínistar vilja þvinga fram með lögum.“

Tvær skoðanir

„Einar K. Guðfinnsson hefur tvær skoðanir samtímis. Annars vegar mundi landbúnaðurinn ekki lifa af innflutning á erlendum kjötvörum. Hins vegar megi ekki rekja hátt matarverð hér á landi til landbúnaðarins. Hann gæti eins sagt, að jörðin sé flöt. Ef landbúnaðurinn þolir ekki innflutta vöru, má rekja hátt matarverð til hans. Svo einföld er rökfræðin. En hinn nýi landbúnaðaráðherra þarf ekkert á rökum að halda. Hann

fullyrðir bara það, sem honum dettur í hug hverju sinni, því að hann hirðir ekki um að lúta rökum. Jafnvel þótt hann flytji óvart sjálfur rökin samtímis,“ segir Jónas Kristjánsson.

Hitlerslög

„Á föstudaginn kemur ganga svo í gildi nýleg lög um reykningabann á opinberum stöðum. Veitingastaðir verða þá án reyks um ókomna tíð á Íslandi. Rétt er að geta þess að mér persónulega líður mun betur á reyklausum stöðum. Fáir minnst þess, en upphafsmaður reykningabanns á opinberum stöðum var einræðissherran alræmði Adolf Hitler, en hann reykti hvorki tóbak né drakk áfengi,“ segir Eyþór Arnalds. bjorgvin@frettabladid.is



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON

Í DAG | Stjórnarandstaða

Stöðugleiki og ólga

Ég skilgreindi eitt sinn klassískra jafnaðarstefnu sem gullinn þríhyrningur öflugrar velferðar, trausts atvinnulífs og í nútímasamfélaginu yrði hvorugu náð án einbeitrar og öflugrar menntasóknar. Þetta er undirstaða þeirrar sterku ríkisstjórnar sem í síðustu viku tók við völdum. Í stefnuyfirlýsingu hennar er í senn lögð sterk áhersla á að bæta kjör þeirra sem erfiðast standa í samfélaginu, en um leið er ýtt undir framtak einstaklingsins og frelsi í viðskiptum. Í öllu falli er ljóst að Þingvallastjórnin hefur alla burði til að standa undir nafni sem frjálslynd umbótastjórn.



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON

Í DAG | Stjórnarandstaða

mennskuna. Hún er harðasti andstæðingur Guðna sem enn er á pólitískum dögum og gæti allt eins lagt í formannsframboð gegn Guðna.

Á hliðarlínunni ólmast svo Siv og gæðingsefni einsog Björn Ingi Hrafnsson, Páll Magnússon, Sæunn Stefánsdóttir, norðandregirnir báðir og margir fleiri. Langur tími mun því líða áður en fólkorrustum um mannaforráð sleppir innan Framsóknar – ef það gerist þá á kjörtímabilinu.

Sársaukafullt uppgjör

Innan VG hlýtur að fara fram sársaukafullt skoðun á þeirri staðreynd að forysta flokksins átti stærstan hlut að þeirri atburðarás sem leiddi til myndunar Þingvallastjórnarinnar. Flokkarnir þrjú, sem mynduðu stjórnarandstöðuna á síðasta kjörtímabili, höfðu einsett sér að freista myndunar ríkisstjórnar ef sú gamla félli. Það tókst ekki. Fráfarandi ríkisstjórn hélt naumlega velli með eins manns meirihluta. Báðar ríkisstjórnirnar, sem á undan sátu – vinstri stjórnin og Viðeyjarstjórnin – héldu líka velli með eins manns meirihluta árin 1991 og 1995. Báðum var slitið og í bæði skiptin með þeim rökum að svo naumur meirihluti væri ekki á vetur setjandi.

Naumur, og óstarfhæfur meirihluti fráfarandi stjórnar, var því möguleiki sem stjórnarandstaðan hlaut að hafa skoðað í aðdraganda kosninga. Hann, og yfirvofandi fylgishrun Framsóknar, velti vitaskuld upp þeim möguleika að ríkisstjórn yrði mynduð undir forystu Samfylkingar og með þátttöku VG og Framsóknar – sem samkvæmt sögunni reikar gjarnan til vinstri eftir kosningaósigra í kjölfar stjórnarþátttöku með Sjálfstæðisflokki.

Formaður VG kistulagði hins vegar alla möguleika á myndun vinstri stjórnar. Hann gerði það ljóst með skýrum hætti að VG gæti ekki hugsað sér að fara í ríkisstjórn með Framsókn. Árásir hans á Framsókn í uppgjörspáttum ljósvakans bak kosningum gerðu það sérhverjum landsmanni ljóst. Bersýnilegt var, að forysta VG hafði lesið stöðuna með gleraugum ritstjóra Morgunblaðsins og taldi sig eiga möguleika á að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokknum. Öðru vísi er ekki hægt að skilja þá grófu fingurburjóta sem VG átti á taflborði stjórnmálanna hina örlagaríku daga í kjölfar þingkosninganna. Það var þessi afstaða forystu VG sem hrinti af stað atburðarásinni sem leiddi til myndunar Þingvallastjórnarinnar.

Í uppgjörinu, sem hlýtur að fara fram um þessa atburðarás, hljóta menn líka að horfa til afdrifa Reykjavíkurlistans. Upp úr honum slitnaði vegna afskipta forystu VG – sem þá einsog nú virtist fremur sjá samstarf við Sjálfstæðisflokkinn í hillingum en reyna myndun öflugra meirihluta til vinstri.

Þetta er dálagleg ferilskrá hins grjótharða vinstri – eða hvað?

Fegrum Vesturbæ

UMRÆÐAN

Umhverfismál

Vesturbæingar eru almennt stoltir af hverfinu sínu og líður þar vel. Reynslan sýnir að hafi fólk einhvern tímann búið í Vesturbænum vill það gjarnan búa þar áfram. Við höfum jú Vesturbæjarlaugina, íþróttafélagið okkar KR, Ægisbúa, góða skóla, Melabúðina, Skerjafjörðinn, göngustíginn við Ægisbúna, Háskólabíó, Landakotstúnið, okkar gróna hverfi og svona mætti áfram telja. En alltaf má gera betur.

Fyrir stuttu stóð hverfisráð Vesturbæjar fyrir opnum íbúafundi þar sem farið var yfir hvað efst er á baugi í hverfinu auk þess sem íbúar komu fram með ábendingar um hvað betur mætti fara. Almenn umgengni, rusl og veggjakrot var það sem helst brann á íbúunum. Fólk kallaði eftir almennri viðhorfsbreytingu og benti á að hver og einn þarf að hirða sinn garð eða blett.

Síðasta sumar fór af stað februnarátakið „Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík“ við góðar undirtektir íbúa og var tekið til hendinni í Breiðholti, í Árbæ og á Kjalarnesi. Nú er komið að Vesturbænum. Næsta laugardag, 2. júní, verður hreinsunardagur í Vesturbænum



SÆUNN STEFÁNSDÓTTIR

og hefst átakið kl. 11 á fjórum stöðum: við Grandaskóla, á Landakotstúni, við Melaskóla og við Skerjaver í Skerjafirði. Dagurinn endar svo með grillveislu og fjölskylduskemmtun við Vesturgarð, þjónustumiðstöð Vesturbæjar við Hjarðarhagann. Til að undirbúa hreinsunardaginn sjálfan sem best boðar borgarstjóri til samráðsfundar með íbúum miðvikudaginn 30. maí í Melaskóla.

Með februnaráttakinu er ætlunin að fegra hverfið okkar með því að tína rusl, mála leiktæki á leikvöllum, hnýta fótbolta-net, þökuleggja, kantskera, sópa og hreinsa veggjakrot svo eitthvað sé nefnt. Átakið er stórt skref til að taka á þeim þáttum sem helst voru ræddir á íbúafundinum í Vesturbænum og það með samstarfi íbúa og starfsmanna borgarinnar. Ég er viss um að februnarátakið getur skipt sköpum í þeirri viðhorfsbreytingu sem íbúar hverfisins kölluðu eftir á íbúafundi hverfisráðsins.

Ég hvet íbúa Vesturbæjarinnar til að láta sitt ekki eftir liggja og taka til hendinni í hverfinu okkar. Við sjáumst vonandi sem flest laugardaginn 2. júní kl. 11.

Höfundur er formaður hverfisráðs Vesturbæjar.

Reyklaust loft – allra heilsuhagur

UMRÆÐAN

Reyklingabann

Alþjóðlega reykleysisdeginum 31. maí eru skilaboð Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar þau að 100% reyklaust umhverfi sé áhrifaríkasti hátturinn til að vernda fólk fyrir óbeinum reykningum og þeim skaðlegu áhrifum sem þær geta valdið.

Það eru meira en fimmtíu ár síðan vísindamenn sýndu fram á að tóbaksreykur væri reyklingamanninum hættulegur heilsufarslega. Nokkru síðar komu fram sannanir fyrir skaðlegum áhrifum óbeinna reykninga, að óbeinar reykningar gætu valdið sömu reyklingatengdu sjúkdómnum hjá reyklingamanni og einstaklingi sem verður fyrir tóbaksreyk frá öðrum. Dæmi um þessa sjúkdóma eru hjarta- og æðasjúkdómur og krabbamein.

Vitneskjan um skaðleg áhrif óbeinna reykninga hefur fengið mikla og aukna þyngd í tóbaksvarnalögum og reglugerðum í fleiri og fleiri löndum víðs vegar um heiminn. Hinar ýmsu takmarkanir reykninga hafa verið



GUÐLAUG B. GUÐJÓNSDÓTTIR

NANNA FRÍÐRIKSDÓTTIR

lögfestar og Ísland hefur verið þar mjög framarlega. Reykingar eru bannaðar í obinberum byggingum, ýmsum stofnunum, biðstofum, skólum, sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, kvikmyndahúsum sem og almenningsfarar-

tækjum, og mætti hér lengi telja. Hver getur í dag hugsað sér reykningu í flugvélum eða kvikmyndahúsum?

Bann eða takmarkanir við reykningu á veitinga- og skemmtistöðum voru fyrst teknar upp í Kaliforníu árið 1995. Í Evrópu voru Írar fyrstir með innleiðingu algjörs banns árið 2004. Í kjölfarið hefur hvert landið á fætur öðru fylgt á eftir með mismunandi útfærslum sem eiga það samt sameiginlegt að virða rétt einstaklingsins til reyklauss umhverfis og ekki síst virða rétt starfsfólk til að vinna í reyklausu umhverfi. Evrópulönd sem takmarka reykningar á veitinga- og skemmtistöðum eru núna um þrjátíu talsins, mörg þeirra með algjört bann. Í

Ástralíu, Bandaríkjunum og Kanada hafa fjölmörg fylki og ríki bannað reykningar algjörlega. Mörg lönd hafa tekið ákvörðun um slíkt bann á næstunni m.a. tekur bann gildi á England 1. júlí nk. Enn önnur lönd hafa nú þegar gert áætlun um bann.

Upplýsingar sem berast frá löndum sem innleitt hafa bann við reykningu á veitinga- og skemmtistöðum eru mjög jákvæðar. Bannið er virt, gestum fækkar ekki, velta eykst í flestum tilvikum, starfsfólkið verður heilsuhraustara og stuðningur almennings við bannið eykst með tímanum.

Það mikilvæga skref sem Ísland tekur 1. júní þegar reykningar verða bannaðar á öllum veitinga- og skemmtistöðum er bar-

áttumál marga og kannski ekki síst Krabbameinsfélagsins. Það hefur verið forgangsverkefni þess í meira en hálföld að draga úr skaðsemi tóbaksreykinga með öllum tiltækum ráðum.

Krabbameinsfélagið óskar landsmönnum til hamingju með þennan áfanga og minnir á að reyklaust umhverfi hjálpar reyklingafólki að draga úr reykningu sínum og jafnvel hætta alveg. Reyklaust umhverfi á ríkan þátt í að hindra að börn og ungt fólk byrji að reykja. Það skulum við öll hafa að leiðarljósi.

Nanna er formaður Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Guðlaug er framkvæmdastjóri sama félags.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Einu sinni á ári

Margrét Jónsdóttir, aðstoðarmaður húsamálara, skrifar:

Nú er hafin hin árlega hreinsun á ruslinu í landinu sem til hefur fallið síðan í sjöustu hreinsun fyrir ári. Og oft var þörf en nú er nauðsyn. Ruslið er svo mikið að hvergi sér maður annað en rusl. Sama hvar lítið er. Leiðin Akranes, Mosfellsbær, Reykjavík, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, er vörðuð alls konar rusli í vegköntum og víðar. Mest þó í Mosfellsbænum en lítið skárra á hinum stöðunum.

Mér verður oft hugsað til allra „umhverfissinnanna“ sem hafa hvorki áhyggjur af gróður- og jarðvegseyðingu, né rusli, en eru sífellt að tala um hve „umhverfissvænir“ þeir eru og vilja túrista í stað álvera. Hafa þeir engar áhyggjur af öllu þessu rusli sem gestir þeirra verða að horfa upp á í minnst 9 mánuði á ári, að ég nú ekki tali um eyðimörkina og alla gótóttu gróðurhuluna? Mér finnst þessi atriði vera algjör grundvallaratriði í umhverfisvernd, að bæta kjól fjallkonunnar og hafa hann svo hreinan og finan allan ársins hring. Ekki bara á vorin sem þó er nú betra en ekkert.

Það er staðreynd að of margir Íslendingar eru sóðar og alveg blindir á umhverfi sitt. Halda að svona hafi þetta alltaf verið og eigi bara að vera svona áfram. Eitthvert náttúruögmál sem ekki má hagga. Og þar sem þeir eru svona miklir sóðar, verður að viðurkenna það og taka svo á málunum. Viljum við virkilega hafa þetta svona eða viljum við breytingar? Ef svarið er breytingar, er þá næst að spyrja hvað við viljum gera.

1. Hreinsa allt landið fjórum sinnum á ári eða oftar?

2. Hverjir eiga að gera það?

a) Allir nemendur þessa lands taki ákveðin svæði á hverri önn?

b) Þegnskylduvinna eftir skólagöngu að eftirlaunaaldri?

c) Hreinsunardeild að störfum allt árið?

d) a og b? a, b og c? Annað?

Eitt er víst að það þarf að gera eitthvað í málinu. Þetta er hreinn viðbjóður að aka um fallegasta svæði landsins, höfuðborgarsvæðið, og sjá svo ekkert nema rusl megnið af árinu. Hvað leggur þú til?



Íslenskt atvinnulíf árið 2015 óskar eftir...

... verk- og tæknifræðingum til starfa. Í boði eru spennandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Mikil erlend samskipti. Færni í ensku og spænsku skilyrði en kunnátta í kínversku og hindí æskileg. Mjög góð laun. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða nám sem veitir ungu fólki aðgang að þessum störfum.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



LEIKKONAN MARY PICKFORD
LÉST ÞENNAN DAG, 86 ÁRA
AÐ ALDRI.

„Að bæta hljóði við kvikmyndir væri eins og að setja varalit á Venus frá Milo.“

Mary Pickford (1893-1979) var Óskarsverðlaunaleikkona og var kölluð stúlkan með gullnu lokkana.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 29. MAÍ 2006

Ný meirihlutastjórn mynduð í Reykjavík

Á þessum degi fyrir ári náðu Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn samkomulagi um myndum meirihlutastjórnar í Reykjavík. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í kosningunum, varð borgarstjóri og Björn Ingi Hrafnsson, oddviti Framsóknarmanna, varð formaður borgarráðs. Vilhjálmur sagði við þetta tækifæri að mikið traust ríkti á milli flokkanna. Þeir væru sammála um hvað þyrfti að gera og ætluðu sér í sameiningu að auka lífsgæðin í borginni. Hann lofaði jafnframt því að nýir tímar myndu hefjast í Reykjavík.

Áður hafði Reykjavíkurlistinn setið við stjórn-



völlinn í borginni með Ingi Björgu Sólrúnu Gísladóttur sem borgarstjóra.

Í síðustu borgarstjórnarkosningum slitu Vinstri græn samkomulaginu við Reykjavíkurlistann. Varð það til þess að R-listinn lagði upp laupana. Buðu þá flokkarnir fram sér og náði Sjálfstæðisflokkurinn meirihluta atkvæða.

Áður en Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn náðu samkomulagi um samstarf stóðu yfir viðræður milli sjálfstæðismanna og Frjálslynda flokksins um að mynda meirihluta. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru saman í ríkisstjórn á þessum tíma og töldu sumir það hafa haft úrslitaáhrif á samkomulagið.

MERKISATBURÐIR

- 1985 39 áhangendur knattspyrnuliðsins Juventus lást í upptöti fyrir úrslitaleik Liverpool og Juventus í Evrópukeppninni.
- 1968 Manchester United verður Evrópumeistari knattspyrnuliða þegar liðið leggur Benfica frá Portugal að velli með fjórum mörkum gegn engu.
- 1953 Nýsjálandingurinn Edmund Hillary og sjerpinn Tenzing Norgay komast fyrstir manna á topp Everest-fjalls.
- 1971 Minnisvarði um Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, konu hans og dótturson er afhjúpaður á Þingvöllum þar sem þau fórust í eldsvoða 10. júlí 1970.



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Helgi Hallsson

frá Siglufirði, Víðilundi 24, Akureyri,

verður jarðsunninn frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 31. maí kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans, er bent á aðstandendafélagið Vinarhöndina, hjúkrunarheimilinu Seli.

Edda Indriðadóttir
Anna Margrét Helgadóttir
Indriði Hallur Helgason
Helga Sigríður Helgadóttir
afa og langafabörn.

Sigurgeir Harðarson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Þrúður Vagnsdóttir

Skagfirðingabraut 49, Sauðárkróki,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki miðvikudaginn 23. maí. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 1. júní kl. 13.30.

Þorvaldur L. Hreinsson
Birgir Hreinsson
Auður Sigríður Hreinsdóttir
Hallís Hulda Hreinsdóttir
Friðrik Hreinn Hreinsson
ömmubörn og langömmubörn.

Lisbeth Hreinsson

Bjarni Már Bjarnason

Ástrós Guðmundsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

Gunnar Hjálmarsson

Víðihvammí 24, Kópavogi,

verður jarðsunninn frá Digraneskirkju miðvikudaginn 30. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Þorbjörns Árnasonar, í hjartastað.

Þórey Þórðardóttir
Þórður Gunnarsson
Magnús Gunnarsson
Guðni Rúnar Gunnarsson
og barnabörn.

Sigurður Sigfússon
Berglind Ósk Þráinsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Guðmundur Bernharð

Sveinsson

Eyrafliót 6, Akranesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 24. maí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 1. júní kl. 14.

Hulda Ingibjörg Benediktadóttir
Ómar Guðmundsson
Guðrún Þóra Guðmundsdóttir
Hafðís Dagmar Guðmundsdóttir
Guðmundur Guðmundsson
Hólmfríður Dröfn Guðmundsdóttir
Magnús Bára Guðmundsdóttir
Bryndís Guðmundsdóttir
og afabörn.

Haraldur Jónsson

Viktória Loftsdóttir

Sigurjón Jósefsson

Margrét Bjarnadóttir

Sigurður Grétar Davíðsson

Reynir Sigurbjörnsson



1997-2007 í dag eru tíu ár liðin frá andláti Jeffs Buckley og af því tilefni ætla þessir snjöllu tónlistarmenn að gera sitt besta til að heiðra minningu hans á tónleikum í Austurbæ í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TÓNLEIKAR Í AUSTURBÆ: TÍU ÁR LIÐIN FRÁ DAUÐA JEFFS BUCKLEY

Halda tónleika með blessun frá móður Jeffs

Í dag eru tíu ár liðin frá því tónlistarmaðurinn Jeff Buckley druknaði í Mississippi-ánni, daginn áður en hann átti að hefja upptökur á plötu sinni My Sweetheart the Drunk. Í minningu hans hafa nokkrir valinkunnir tónlistarmenn slegið sér saman um að halda honum minningartónleika.

Tónleikarnir fara fram í Austurbæ í kvöld, en víða um heim hafa sams konar tónleikar verið skipulagðir, enda snart þessi tónlistarmaður nánast undantekningarlaust hjörtu þeirra sem á hann hlýddu.

Einn af aðstandendum tónleikanna í kvöld er Franz Gunnarsson en fyrir fimm árum hélt hann sams konar tónleika ásamt félögum sínum.

„Þeir heppnuðust alveg stórkostlega vel og síðan hef ég verið undir þrýstingi frá fólki um að gera þetta aftur. Þegar ég svo hitti Mary Guibert, móður Jeffs Buckley, í Bandaríkjunum í fyrra og hún lagði blessun sína yfir framtakið kom ekki annað til greina,“ segir Franz og bætir því við að vegna blessunarinnar hafi verið ákveðið að spýta í

lófana og gera þetta að enn stærri viðburði en áður. „Hljómsveitin er skipuð ellefu hljóðfæraleikurum ásamt sex söngvurum. Þar af eru tveir aðalsöngvarar, Sverrir Bergmann og Kristófer Jensson, en gestasöngvarar eru til dæmis Páll Rósinkrans og Andrea Gylfadóttir,“ segir Franz og lofar mikilli gæsaáhrifum í salnum. „Fyrir fimm árum fóru kvenkyns áheyrendur að gráta og nú munu strákarinn gera það líka.“

mhg@frettabladid.is

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónsson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is
Vaktisími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Dúftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

Frystiskip til Eimskip-CTG í Noregi

Eimskip-CTG í Noregi fékk nýlega afhent nýtt frystiskip sem er það þriðja sem félagið fær á einu og hálfu ári. Þá eru þrjú önnur frystiskip í smíðum fyrir félagið.

Með tilkomu skipanna rúmlega tvöfaldast afkastageta Eimskipa-CTG en heildarfjárfestingin í sex nýjum skipum nemur um 8 milljörðum króna. Samið var um smíði þessara skipa á árunum 2004 til 2006.

Nýja frystiskipið er blanda af frysti- og gámaskipi og er 82 metra langt og 16 metra breitt og er það sérstaklega styrkt til siglinga í ís. Á skipunum er síðuport af fullkomnu gerð sem styttr löndunar-



NÚMÉR PRÍJÚ Nýja skipið hefur ekki hlotið nafn enn, en verður nefnt eftir fossi eftir venju.

og lestunartíma um allt að helming. Frystiskipið var byggt af Myklebust Verft AS í Noregi. Skipið á eftir að fá nafn en það verður nefnt eftir fossi í samræmi við hefð Eimskipa. Ráðgert er að skipinu verði gefið nafn í Reykjavík í byrjun júní.

Sólin er farin að skína
inn um flesta glugga og sýna ryk þar sem enginn hafði hugmynd um að það væri að finna. Nú er því rétti tíminn til þess að bregða tuskunni á loft og þurrka vel af öllum innanstokksmunum.



Lyfjastofnun Evrópu
hefur sent frá sér fréttatilkynningu þar sem sagt er frá niðurstöðu rannsókna sem sýndi fram á að lyf sem innihalda virka efnið rosigitazon, eins og Avandamet og Avandia, auki líkur á hjartaáfalli. Hjá þeim fimmtán þúsund og fimm hundruð sjúklingum sem rannsóknin náði til sýndu niðurstöðurnar lítills háttar aukningu á dauðsföllum af völdum hjarta og æðasjúkdóma.

Fræðsluvefur um vefjagigt
var opnaður nýlega. Vefjagigt hrjáir 0,5-4 prósent þjóða, þannig að allt að 12 þúsund Íslendingar eru haldnir þessum sjúkdómi á hverjum tíma. www.vefjagigt.is.



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

NÝ SENDING!
Stór sending af nýjum og vinsælum vörum!

Vinsælu þráðlausu sendarnir fyrir MP3 spillara í bíla komnir aftur! Verð aðeins **4.900 kr.**

USB klippikort Tívaldið til að koma myndbandspólum í stafrænt form Verð aðeins **6.500 kr.**

Nýtt og mikið úrval af geisladiskötöskum! Verð aðeins **950 kr.**

Tæknibær
Skiptiholti 50c - Sími 551 6700 - www.tb.is



Edda tók ákvörðun um að eignast syni sína heima, þar sem henni fannst aðstæður yfirleitt of kuldalegar á spítölum, og sér ekki eftir því. Hér er hún með yngri soninn, sem leit dagsins ljós í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eðlilegur hluti af lífinu

Edda Ýr Garðarsdóttir, myndlistarkona og kennari, kaus að eignast syni sína heima.

„Við sambýlismaður minn eigum tvo syni og í bæði skiptin völdum við heimafæðingu,“ segir Edda Ýr Garðarsdóttir, myndlistarkona og kennari, sem titlar sig þó sem skapandi móður þessa dagana. „Hugmyndin kviknaði á foreldranámskeiði, eftir heimsókn í Hreiðrið, heimilislega fæðingarstöðu fyrir konur. Ég hugsaði í framhaldinu með mér hvað væri eiginlega heimilislegra en að eiga heima og fannst aðstæður á spítölum yfirleitt vera allt of stofnana- og kuldalegar.“

Edda segist aldrei hafa verið í vafa um að ákvörðunin væri rétt og ekki óttast að hún kynni að hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér. „Ég gerði þetta náttúrulega ekki nema að vel athuguðu máli. Síðan gengu meðgöngurnar svo vel í bæði skiptin að ég hafði engar áhyggjur yfir því að eitthvað kynni að fara úrskeiðis. Eg treysti líka ljósmóðurinni til að geta tekist á við allar óvæntar uppkomur.“

Edda segir fæðingarnar hafa gengið jafn snurðulaust fyrir sig og meðgöngurnar. „Í fyrra skiptið átti ég uppi í rúmi og það kom á óvart hversu auðveld fæðingin reyndist. Ég hélt að hún yrði mun erfiðari miðað við reynslusögur annarra og það sem ég hafði séð í bíómyndum.“

Í seinna tilvikinu var ferlið lengra. Hríðir hófust daginn áður og ég beið alltaf eftir að eitthvað gerðist, þar sem sú fyrri gekk svo fljótt fyrir sig. Hlutirnir fóru þó fyrst af stað þegar ljósmóðirin kom í hús. Fæðingin átti sér stað í mjög notalegu umhverfi. Ég var í fæðingarlaug og allt baðað í kertaljósum. Tvær ljósmæður voru hjá mér, ásamt Bjössa og mömmu minni, á meðan eldri strákurinn svaf í næsta herbergi. Aðstæður hefðu ekki getað verið betri.

Ég vil bara hvetja sem flesta til að skoða heima-fæðingar sem valmöguleika. Enda eru fæðingar ekki sjúkdómur og þurfa ekki alltaf að eiga sér stað inni á stofnunum, heldur eru þær eðlilegur hluti af lífinu.“

roald@frettabladid.is

NOKIA N95

5 megapixla myndavél
mp3 spillari
3 kynslóð
WLAN
GPS

FULLKOMNASTI FARSÍMI Í HEIMI

100 frijar framkallanir fylgja frá Hans Petersen

Farsímalagerinn.is
VIÐ HEIMTUM ÓDÝRA FARSÍMA

Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS **3,4%**

Miðað við myntkørfu 4, Libor-vextir 23.4.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 23.04.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY. *** Vextir á erlendra myntkørfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,4% til 4,5% m.v. myntkørfu 4. **** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkørfulánu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

LÁNSUPPHÆÐ	SAMANBURÐUR Á LÁNUM		
	MYNTKØRFULÁN ***	BLANDAÐ LÁN **	ÍBÚÐARLÁN
20.000.000	20.000.000	20.000.000	20.000.000
VEXTIR	4,0% *	4,4% *	5,0%
GREIÐSLUBYRÐI****	66.500	100.800	96.600

FRJÁLSI



SÓLPALLASLÍPUN

ER SÓLPALLURINN UPPLITAÐUR OG LJÓTUR?
VIÐ SLÍPUM PALLINN, OLÍUBERUM
OG HANN MUN LITA ÚT SEM NÝR.

HTAK S: 660-1055 (HANNES)
HTAK@VISIR.IS

Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.
Hús okkar eru byggð til að endast.
Á fjórðahundarð hús hafa venð byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús www.husogheimili.is
Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818



Hulda Katrín búin að beisla Tenór sem hún fékk í fæðingargjöf frá föður sínum. Svo er eftir að kemba, leggja á og hreinsa undan hófunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Þýskar álkerrur fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitid upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Bjóðum efni í vönduð íbúðarhús og sumarhús úr finnskri furu (Lapplandsfuru).

Hagstætt verð og mikil gæði.
Upplýsingar um verð og tegundir hjá
G.Pálsson ehf.
Símar : 462 2272 og 896 0423.

Sameina sveit og borg

Bak við sum húsín í Kópavogi eru ekki bara blómagarðar heldur líka gerði fyrir hesta.

Einstök stemning virðist ríkja í vestanverðu Vatnsendahverfi á þessum árstíma því þar er ekki bara akandi og gangandi fólk á ferð heldur líka hestamenn í útreiðartúrum. Hesthúsin eru þar byggð við íbúðarhúsin og gerðin á bak við. Einn og einn eða fleiri saman stíga íbúarnir svo á bak gæðingum sínum síðdegis og ríða í átt að Elliðaárdalnum eða niður á stíginn sem liggur meðfram vatninu. Mæðgurnar Hulda Katrín Eiríksdóttir og Hjördís Ágústsdóttir eru einmitt að leggja í ann þegar blaðamann og ljósmyndara ber að. Hundur og köttur trítla um stéttarnar. Þarna sameinast sveit og borg.

Athygli vekur hvað hin 10 ára Hulda umgengst hestana af miklu öryggi og augljóst að þar er enginn viðvangingur á ferð. „Það er rétt,“ segir móðir hennar Hjördís, því Hulda Katrín er þegar komin út á hlað, búin að kemba, leggja á og hreinsa undan hófunum á sínum reiðskjóta svo amma hennar þurfi ekki að sópa stéttina á eftir henni. „Dóttir mín er hestakona af lífi og sál. Hún býr hér hjá afa sínum og ömmu bara til að geta verið með hestana og fer í reiðtúr á hverjum degi í hvaða veðri sem er. Hún tók þátt í 360 kílómetra hestiferð fyrir tveimur árum og fór aðeins einu sinni inn í bílinn sem var með hópnum. Í sleppitúrum og öðrum útreiðartúrum er hún alltaf í forreið.“ gun@frettabladid.is

Komin út á hlað og bíður eftir mömmu, sem er að leggja á og taka tvo hringi í gerðinu áður en hún heldur út á götu.



Makalaust úrval gólfefna!

I verðun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.

GÓLFEFNI TEPPALAND
ARMÚLA 18, 108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18

Hvað er að fréttu?




Við tæklum sportið_

www.visir.is



Handverk og hönnun er íslensk vef-síða um íslenska listamenn, handverksmenn og þeirra verk. www.honnunoghandverk.is



Loop er léttur og loftkenndur en samt sem áður sterkur.

Í lausu lofti

Nýstárlegur hægindastóll.

Legubekkurinn Loop er hannaður af Gala Wright fyrir ítalska fyrirtækið Coro. Stóllinn er úr stáli og plastkenndum textíl en að liggja í honum er líkt og að svífa í lausu lofti. Skemmtilegt og öðruvísi garðhúsgagn.

Gala Wright er ungur hönnuður og raunar er Loop-legubekkurinn útskriftarverkefni hennar. Hún klífur þó metorðastigann hratt og hefur unnið að nokkrum verkefnum fyrir Habitat.

nettoline
AÚÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT



Þitt er valið!

Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

Við hönnum og teiknum fyrir þig!

Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20%

Allar **Nettoline** innréttingar með 20% afslætti í 3 vikur (Tilboðið stendur 10. - 31. maí)

Á tilboðsdögum veitum við einnig 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu

ELBA



Eldavélar



Ofnar



Helluborð



Viftur & háfar



Uppþvottavélar

Snaigé



Kæli- og frystiskápar

20%
það munar um minna!

Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16

Friiform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Yin Yang stólarnir eftir Nicolas Thomkins.



Yin og yang

GLÆSILEGIR GARÐSTÓLAR.

Yin Yang garðstólarnir eftir hönnuðinn Nicolas Thomkins setja ný viðmið í garðhúsgögnum. Fyrstu drögin að stólunum dró Thomkins í sandinn á strönd á Filippseyjum. Stólarnir tveir áttu að lita út líkt og þeir væru mótadír af náttúrunni, eins og steinar sem sjór og sandur hefðu slipað til.

Thomkins reyndi að breyta hinni fornu kínversku heimspeki um yin og yang í samspili lita og forma. Í stólana voru notaðir fjórir kílómetrar af trefjaefni og ekki annað að sjá en að stólarnir séu hrein listasmíði.

pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

ENGIN MÁLNINGAVINNA

HVORKI FÚI NÉ RYÐ

FRÁBÆR HITA OG HLIÓÐEINANGRUN

FALLEGT ÚTLIT

MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR

ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfrír og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

Lokasala

30 - 70% afsláttur



30% afsláttur

af rafstillanlegum rúmunum, stökum dýnum og yfirdýnum.

40% afsláttur

af borðlömpum, baðsloppum, handklæðum og rúmteppum.

50-70% afsláttur

af höfðagöflum, rúmteppasettum ofl.

RÚMCO

Langholtsvegur 111, 104 Rvk. Sími 568 7900

Ópið virka daga 12 - 18.



STERKUR hvítlaukur

Heilsu-hornid

Póstsendum um land allt

Útsölu staðir: Yggdrasil, Fzeið - Fjarðarkaup, Maður lífandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

Konurnar eins og konfekt

Í Laugum spa er boðið upp á sérstakt nudd þar sem líkaminn er nuddaður upp úr súkkulaði. Anna María Jónsdóttir eigandi segir nuddið mjög vinsælt.



Anna María segir að súkkulaðinu sé sannkallað dekur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Súkkulaðinuðdið í Laugum spa er sannkallað dekur að sögn Önnu Maríu. „Í súkkulaðinuðinu nuddum við líkamann upp úr hreinum kakómassa sem við blöndum saman við náttúrulegar olíur og hitum,“ segir hún.

Að sögn Önnu Maríu er súkkulaðinuðdið ekki aðeins notalegt heldur mjög gott fyrir húðina. „Í kakóbaunum er efni sem heitir teobrómin og það er gríðarlega auðugt af andoxunarefnum og nánast hvergi í náttúrunni hægt að finna eins mikið af þeim á einum stað. Við viljum auðvitað fá eins mikið og við getum af andoxunarefnum inn í kroppinn okkar til þess að vinna á móti oxun sem flýtur fyrir öldrun. Í kaffibaunum er líka koffín þannig að nuddið keyrir líkamann svolítið upp og er örvandi og gríðarlega gott fyrir blóðrásina. Svo er það bara mjúkandi og gott fyrir líkamann í heild sinni.“

Boðið hefur verið upp á súkkulaðinuðdið í Laugum spa í eitt og hálf ár en Anna María kynntist því erlendis. „Í Ameríku eru svona Hershey's-staðir og ég er búin að vera mjög spennit fyrir þessu í langan tíma. Ég hafði því bara samband við eina stöðina úti og fólkið þar leiðbeindi mér áfram og út frá þeirri kennslu og bestu fánlegum efnum hér hannaði ég þetta nudd,“ segir hún.

Súkkulaðinuðdið hefur vægast sagt verið mjög vinsælt. „Eiginmönnum finnst sérstaklega gaman að gefa konunum sínum svona nuddtíma. Þegar þær eru búnar að fara í sturtu og þvo af sér olíuna lykta þær eins og konfektmolar. Súkkulaðilyktin helst á af því að við notum þessar góðu olíur með því og áhrifin eru að

skila sér inn í líkamann í alveg tólf tíma. Þetta er því ekkert búið um leið og tíminn er búinn.“

Anna María segir að þó að auðvitað sé best að fara reglulega í svona nudd hafi einn tími líka mjög góð áhrif. „Nuddið stendur í klukkutíma og baðstofan og allur pakkinn fylgir með. Ég hef sjálf farið í svona nudd og það er alveg frábært svo ég get vel mælt með því.“

emilia@frettabladid.is

Í súkkulaðinuðinu er líkaminn nuddaður upp úr kakómassa og olíu sem blandað er saman og hitað.



Flott í sumar

Ný tæki - Léttari greiðslur

LÉTTARI GREIÐSLUR

SLENDERTONE **FLEX** 4.995.-
á máni í 3 máni - Verð kr. 14.985.-

SLENDERTONE **MAX** 6.665.-
á máni í 3 máni - Verð kr. 19.995.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Ómissandi í sumar!

Með hverri keyptri Sólarsælu eða Nærandi morgunfrúarolíu fylgir frír varasalvi frá Purity Herbs!

KAUPAUKI

100% NATÚRLEGG FRAMMFERLA ÁNTAKA

Þú færð vörur frá Purity Herbs í Heilsuhúsinum, Blámann, Heilsuhúsið BS, Spítakinn og vöðubænum um land allt.
www.purityherbs.is

ertu óvinsæll í rúminu?

snoreeze

KONUR + KARLAR
www.18plús.is



Gítarnámskeið hefst 4. júní

**8 einkatímar fjórar vikur
sími: 581 1281**

gitaraskloi@gitaraskoli.is

www.gitaraskoli.is

STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA
BLÓÐUGT FRAMHALD AF 28 DAYS LATER

28 WEEKS LATER

9. HVER VINNUR!

SENDU SMS JA 28F Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍOMÍÐA!
VINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

Frumsjúnd 30. maí

HÓSKÓLABÚÐ **REGNBOGINN** **WIKI**

Vinnningar verða afhugið hjá BT og Land. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn SMS klúbbi 99 kr/áskrift.

STUÐ MILLI STRÍÐA Múslimar eru góðar og gáfaðar konur

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR VEIT AÐ ÍSLENDINGAR OG ÍRANAR EIGA SITTHVAÐ SAMEIGINLEGT



Ein af þeim manneskjum sem ég hef lært hvað mest af í lífinu er múslimi.

Þegar við leigðum saman í Kaupmannahöfn hér um árið byrjaði hún oft daginn á að þakka fyrir. Hún þakkaði guði til dæmis fyrir það að við værum myndarlegar og vel gefnar, hún þakkaði fyrir fallega heimilið okkar og hún þakkaði fyrir vinskapið.

Þessi góða kona (sem þá var rúmlega tvítug) hafði flúið ásamt móður sinni frá Teheran til Kaupmannahafnar um 1980. Þeim líkaði stefna Khomeinis og vildu búa við meira frelsi og minni forræðishyggju.

Í Danmörku vorum við útlendingar í landi sem ekki var okkar eigið og eitt af því sem kom svolítið á óvart var að á vissan hátt vorum við, frá Íran og Íslandi, mjög ólíkar Dönum þegar kom að margs konar gildum. Gildum sem fremur er að finna í Íslendingasögum og persneskum þjóðsögum en Biblíunni og Kóraninum.

Vinkona mín lagði til dæmis mikla áherslu á að vinir óvina manns gætu aldrei verið raunverulegir vinir og veit ég það fyrir víst að þessa vísu hafði hún aldrei lesið:

*Vin sínum
skal maður vinur vera,
þeim og þess vin.
En óvina síns*

*skyli engi maður
vinar vinur vera.*

Lífsreynnd sem hún var, eftir að hafa lifað af byltingu og flúið heimaland sitt, vissi hún betur en ég að ekki eru allir viðhlæjendur vinir.

Fordómar eru að dæma fyrirfram það sem maður ekki þekkir og fordómalaust get ég því fullyrst að kynni mín af múslimum hafa verið góð. Í mínum huga eru múslimar gáfaðar og góðar konur sem hægt er að læra sitthvað af; til dæmis þakklæti og varkárni og bið ég því fordómfulla að hika áður en farið er í yfirlýsingarnar.

Við eigum meira sameiginlegt með múslimum en margan grunar.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Kynningar- og markaðsstjóri

Íslenka óperan óskar að ráða kynningar- og markaðsstjóra frá 15. ágúst nk.

Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt, hafa góða íslensku- og enskukunnáttu og búa yfir mjög góðri tölvukunnáttu. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi menntun og/eða reynslu af markaðs- og kynningarmálum og einlægán tónlistaráhuga.

Leiksviðsstjóri

Íslenka óperan auglýsir einnig eftir leiksviðsstjóra frá og með 15. ágúst nk.

Viðkomandi þarf að vera handlaginn, úrræðagóður, geta starfað sjálfstætt og hafa helst reynslu af verklegri leikhúsvinnu.

Skriflegar umsóknir berist fyrir 12. júní 2007 á netfangið opera@opera.is eða með pósti á eftirfarandi heimilisfang:

Íslenka óperan
Pósthólf 1416
121 Reykjavík

Veldu Ford Focus Trend Collection



Nýtt tákni um gæði

Kauptu í dag Ford Focus Trend Collection 1.6i 5 dyra 5 gíra

Kauptu Focus Collection í dag 2.220.000 kr.*

Collection toppar flokkinn 'special series' hjá Ford. Gerðu samanburð. Spurðu söluráðgjafa Ford um Ford Focus Trend Collection.

Skoðaðu verð og búnað. Komdu í Brimborg. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Focus Trend Collection fyrir sumarið.

Kauptu Focus Trend Collection frá Ford fyrir sumarið. Komdu í Brimborg.

collection

FOCUS
collection

FOCUS

FordFocus Nýtt tákni um lífsgæði

Ford Focus Genuine Design. Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægna vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Focus merkir að þú færð sterkari og falletgri bíl. Þú færð betri aksturseginnleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vistvænan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Focus.

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasalan flytur, sjá neðst!

Kassinn Lindargötu 7 kl. 20:00

HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Fös. 1/6 örfá sæti laus, sun. 3/6 örfá sæti laus. Síðustu sýningar í vor!
ATHUGIÐ AÐ EKKI ER HÆGT AÐ HLEYPJA INN Í SALINN EFTIR AÐ SÝNING ER HAFIN!

Kúlan, Lindargötu 7

LISTIN AÐ LIFA - Eftir Sigríði Láru Sigurjónsdóttur. Athyglisverðasta áhugaleik-sýning ársins. Sýnd kl. 20.00.
Fim. 7/6 uppselt, fös. 8/6. Aðeins þessar tvær sýningar!

Miðasala: sími: 551-1200, Tölvupóstur: midasala@leikhusid.is
Afgreiðsla miða verður út leikárið á Lindargötu 7 vegna framkvæmda.
Miðar afgreiddir í miðasölu aðalbyggingar kl. 19.00 - 20.00 fyrir sýningar á Stóra sviðinu!
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is

**FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR**

www.visir.is

Kirkjulistahátíð í Re

Dagskrá Kirkjulistahátíðar í Reykjavík var kynnt á dögnum. Hátíðin er óvenju stór í sniðum þetta árið, auk þess sem hún mun í fyrsta sinn teygja anga sína út fyrir borgarmörkin.

Kirkjulistahátíð í Reykjavík verður haldin í ellefta sinn dagana 11.-19. ágúst. Hátíðin var fyrst haldin árið 1987 á vígsluári Hallgrímskirkju og heldur því upp á tuttugu ára afmæli sitt með veglegri dagskrá undir yfirskriftinni „Ég vil lofsyngja Drottni“. Að þessu sinni verða fjörutíu erlendir listamenn gestir hátíðarinnar, en alls munu á fjórða hundrað flytjenda bera uppi hina glæsilegu dagskrá en ekki er vitað um aðra kirkjulistahátíð í heiminum af sömu stærðargráðu. Bakharlar Kirkjulistahátíðar hafa frá upphafi verið Listvinafélag Hallgrímskirkju, Reykjavík-urprófastsdæmi og biskup Íslands. Tvö stærstu verk hátíðarinnar verða flutt bæði í Hallgrímskirkju og Skálholtsdómkirkju og er það í fyrsta sinn sem farið er út á land með hátíðina.

Stærstu verk kirkjutónbókmenntanna hafa ávallt verið á dagskrá Kirkjulistahátíðar og í ár verða tvö stórverk flutt í upphafi og við lok hátíðarinnar. H-moll messan eftir J. S. Bach, sem er eitt stórbrotasta tónverk allra tíma og óratórían Ísrael í Egyptalandi eftir G. F. Händel, sem verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi á hátíðinni, fyrst í Skálholtskirkju 17. ágúst og síðan í Hallgrímskirkju á lokatónleikum hátíðarinnar 19. ágúst.

Meðal erlendra þátttakenda verða kontratenórsöngvarann Robin Blaze sem er heiðursgestur hátíðarinnar en hann tók einnig þátt í hátíðinni 2005. Hann syngur einsöng í báðum óratóríunum og leiðbeinir söngvurum í flutningi óratóríu Händels. Robin Blaze hefur haslað sér völl í hópi fremstu túlkenda Purcells, Bachs og Händels og kemur fram á tón-



leikum víða um heim, í Evrópu, í Suður-Ameríku, Norður-Ameríku, Japan og Ástralíu.

Einn fremsti bassasöngvari í heiminum í dag, Peter Kooij, frá Hollandi kemur einnig fram á hátíðinni, hinn heimsfrægi þýski tenórsöngvari Gerd Türk sem og Monica Frimmer sópransöngkona. Auk þeirra kemur Alþjóðlega barokksveitin í Haag í Hollandi nú í 5. sinn til Íslands til að leika í Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Askellssonar. Fjöldi innlendra listamanna tekur einnig þátt í hátíðinni og má þar nefna Elfu Rún Kristinsdóttur fiðulleikara, Eyjólf Eyjólfsson tenór og Svövu Björnsdóttur myndlistarkonu sem setur upp sýningu í fordyri Hallgrímskirkju meðan á hátíðinni stendur.

Réttu tækin í þriffin

Háþrýstingur á bílinn, stéttina og húsið

Vortilboð 2007
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur

26.888 kr.

Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

7.888 kr.

Nilfisk-ALTO E140 1-9 S X-tra
Dæluþrýstingur: 140 bör.
Vatnsmagn: 500 l/klst.

Nilfisk-ALTO C100 4-5
Dæluþrýstingur: 100 bör.
Vatnsmagn: 320 l/klst.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007

Tilboðið gildir út maí 2007 eða meðan birgðir endast.

Ferðamálaeild Háskólans á Hólum: Ferðapjónusta til framtíðar!

Fjölbreytt, hagnýtt og faglegt nám

menning náttúra útivist matur rekstur afþreying

NÁMSGRÁÐUR
BA-nám (3 ár)
Diplóma (1 ár)
- landvarðarréttindi
- staðarvarðarréttindi
- einnig í fjarnámi

UPPLÝSINGAR
www.holar.is
Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrúkur - 4556300

HÓLASKÓLINN Á HÓLUM
1844

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Fjölbreytt, hagnýtt og faglegt nám

VIÐVANGSEFNI

menning
náttúra
útivist
matur
rekstur
afþreying

NÁMSGRÁÐUR

BA-nám (3 ár)
Diplóma (1 ár)
- landvarðarréttindi
- staðarvarðarréttindi
- einnig í fjarnámi

UPPLÝSINGAR

www.holar.is
Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrúkur - 4556300




NÝJAR BÆKUR

JPV útgáfa

hefur nú sent frá sér ljóðabókina **Enn sefur vatnið** eftir **Valdimar Tómasson**. Í henni eru 32 ljóð. Valdimar er fæddur árið 1971 og alinn upp í Mýrdal en hefur verið búsettur í Reykjavík frá árinu 1987.

Hann hefur fengist við ljóðasmiðar og ljóðabýðingar um allnokkurt skeið og sent frá sér eina þýðingu, bókina **Ljóð** um dauðann eftir Inger Christensen. Enn sefur vatnið er hans fyrsta bók.



Bókasafn Kópavogs

gefur út **Minningsbók Kópavogsbúa**. Hún hefur að geyma minningar íbúa bæjarins en hugmyndin kom upp á fimmtugasta afmælisári Kópavogs árið 2005. Fjöldi greina eða minningabrotta safnaðist og er að finna sögur í ritinu, til dæmis frásagnir af skólasterfi og félagsstörfum. Alls eru þar tæplega þrjátíu frásagnir auk fjölda mynda. Hrafn A. Harðarson og Inga Kristjánsdóttir önnuðust útgáfuna.



ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI

MR. SKALLAGRIMSSON

höf. og leikari Benedikt Erlingsson
1. júní kl. 20 uppselt, 2. júní kl. 20 uppselt
9. júní kl. 15 uppselt, 9. júní kl. 20 örfá sæti laus, 15. júní kl. 20, 20. júní kl. 20
29. júní kl. 20, 1. júlí kl. 20

MÝRAMAÐURINN

höf. og leikari Gísli Einarsson
7. júní kl. 20, 8. júní kl. 20 örfá sæti laus
14. júní kl. 20

Leikhústilboð í mat:

Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjótréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsingar www.landnamssetur.is



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

26 27 28 29 30 31 1

Príðjudagur

■ TÓNLEIKAR

16.00 **Kór Félags eldri borgara** heldur í söngferðalag norður í land og heimsækir þar systurkóra sína. Í dag verða sameiginlegir tónleikar í **Ljósheimum** í **Skagafirði**. Stjórnandi er **Katrín Þjótursdóttir** en meðleikari er **Armhildur Valgarðsdóttir**.

■ SÝNINGAR

11.00 **Þórgunnur Oddsdóttir** heldur myndlistarsýninguna **Mistur á Kaffi Sólun**. Á sýningunni eru svarthvítar ljósmyndir sem teknar eru á filmu með myndavél af gerðinni Holga. Holga er ódýr plastmyndavél, ættuð frá Hong Kong, sem var framleidd í upphafi niunda áratugarins fyrir kínverska alþjóðu. Sýningin stendur til 22. júní og er opin á opunartíma kaffihússins.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Reykjavík í tuttugu ár



LEIKIÐ Í TURNINUM Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari lék sýnishorn af efnisskrá komandi Kirkjulistahátíðar fyrir gesti á blaðamannafundi í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rannsóknarhópurinn Deus ex cinema hefur starfað með Kirkjulistahátíð í tvö skipti við góðar undirtektir. Þátttaka hópsins í Kirkjulistahátíð í ár er tvíþætt. Í fyrsta lagi verður kvikmyndin Vier Minuten sem hlaut kvikmyndaverðlaun kirkjunnar árið 2006 sýnd í Tjarnarbíói og fjallað um hana í tengslum við þá sýningu. Í öðru lagi verði ljósi varpað á danska kvikmyndagerðarmanninn Carl Theodor Dreyer. Sú dagskrá er tvískipt. Annars vegar málþing um kvikmyndagerð Dreyers og áhrif hans í kvikmyndasögunni og sýnd nokkur myndbrot úr myndum hans. Hins vegar verður ein af hans frægustu þöglu myndum, Jóhanna af Örk sýnd á stóru

tjaldi undir orgelinu í Hallgrímskirkju, við spuna og frumsamda tónlist organistans Wilfrieds Kaets frá Þýskalandi sem hefur sérhæft sig í tónlist við þöglar trúarlegar kvikmyndir.

Síðast en ekki síst munu nýsköpun og gjörningar ungs listafólks á Listvöku unga fólksins skipa stóran sess á hátíðinni en Helgi Hrafn Jónsson, básúnuleikari og söngvari, hefur umsjón með Listvöku unga fólksins á hátíðinni í ár.

Eins og á undanförunum hátíðum verður einnig boðið upp á stuttar kyrrðarstundir í hádeginu með ritningarlestri og tónlistarflutningi. Allar nánari upplýsingar er að finna á vef Kirkjulistahátíðar www.kirkjulistahatid.is. - khh

ÁST Í samstarfi við Vesturport
 SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
31. maí kl. 20 Uppselt
1. júní kl. 20
3. júní kl. 20
7. júní kl. 20
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20
 Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
 GRETTIR

LADDI 6-TUGUR	DAGUR VONAR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 22:30 UPPS. Sun 3/6 kl. 14 UPPS. Sun 3/6 kl. 20 UPPS. Mán 4/6 kl. 20 UPPS. Mið 20/6 kl. 20 Fim 21/6 kl. 20	Lau 2/6 kl. 20 Fös 8/6 kl. 20 Ekki er hleypt inni salinn eftir að sýning er hafin Síðustu sýningar í vor
SÖNGLEIKURINN ÁST	SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Í samstarfi við Vesturport Fim 31/5 kl. 20 UPPS. Fös 1/6 kl. 20 UPPS. Sun 3/6 kl. 20 Fim 7/6 kl. 20 Lau 9/6 kl. 20 Fös 15/6 kl. 20 Síðustu sýningar í vor	Fim 31/5 kl. 20 Sýningar hefjast að nýju í september
BELGÍSKA KONGÓ	LÍK Í ÓSKILUM
Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Mið 6/6 kl. 20 UPPS. Sun 10/6 kl. 20 Fim 14/6 kl. 20 Aðeins þessar 4 sýningar	Þri 5/6 kl. 20 FORS. Fim 7/6 kl. 20 FORS. Fös 8/6 kl. 20 FORS. Lau 9/6 kl. 20 FORS. Miðaverð 1.500
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 25 TÍMAR	
Fim 7/6 FORS. Miðaverð 1.500 Fös 8/6 kl. 20	

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ljúffengur **HOLTA** **Kjúklingur**
 grillaður



Nýju heitu og girnilegu réttirnir frá Holta

– gríptu einn í hádeginu eða á leiðinni heim



Kjúklinga-lasagne
 ásamt grænmeti
 Létt og nýstárlegt.



Tikka masala
 með hrísgrjónum og grænmeti
 Tikka-kjúklingur hefur alls staðar slegið í gegn.



Kjúklingabringa í sveppasösu
 með hrísgrjónum og grænmeti
 Sigildur, bragðgóður réttur.



Grillaður kjúklingur
 – heill eða hálfur
 Stendur alltaf fyrir sínu, heitur eða kaldur, sem aðalréttur, nesti eða í salatið.



EINFALT OG GOTT – NÝTTU TÍMANN VEL

Framleiðandi: Reykjagarður hf. Fosshálsi 1 110 Reykjavík Sími 575 6440 www.holta.is



Gullpálminn til Rúmeníu

Tvö helstu verðlaun kvikmyndahátíðarinnar í Cannes fóru til Rúmeníu þetta árið en rúmensk kvikmyndagerð hefur verið í miklum blóma síðustu ár.

Það var rúmenska myndin 4 Months, 3 Weeks and 2 Days sem stóð uppi sem sigurvegari kvikmyndahátíðarinnar í Cannes þegar Gullpálminn var afhentur á sunnudagskvöld við mikinn fögnuð viðstaddra í höllinni Palais des Festivals. Christían Mungiu, leikstjóri myndarinnar, sagði við verðlaunaafhendinguna: „Ég vona að þessi verðlaun séu góðar fréttir fyrir litla kvikmyndagerðarmenn frá litlum löndum. Það lítur út fyrir að það þurfi ekki stórar upphæðir eða fullt af stjörnum.“

Myndin, sem er einstaklega raunsæ og vel leikin, fjallar um tvær unglingsstúlkur í Rúmeníu undir stjórn Ceausescu sem reyna að koma annarri þeirra í ólöglega fóstureyðingu. „Þessi saga sem við höfðum svo mikla trú á mun ná til áhorfenda um allan heim núna vegna þessara verðlauna,” sagði Mungiu en hann hefur aðeins leikstýrt tveimur myndum áður. „Fyrir ári síðan hafði ég ekki hugmynd um að ég myndi gera þessa mynd og fyrir hálfu ári hafði ég enga peninga til þess.“



BESTA LEIKKONAN Suður-kóreska leikkonan Jeon Do-yeon var valin besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í Secret Sunshine. Þar leikur hún syrgjandi móður og eiginkonu.



SIGURVEGARINN Christian Mungiu leikstjóri hlaut Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Það var leikkonan Jane Fonda sem afhenti honum verðlaunin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Ný bylgja frá Rúmeníu

Rúmensk kvikmyndagerð hefur verið að sækja í sig veðrið undanfarið ár. Fyrir tveimur árum vann Cristi Puiu Un Certain Regard-verðlaunin í Cannes, fyrir The Death of Mr. Lazarescu, en sú mynd vann verðlaun um allan heim. „Þessi verðlaun eru það besta sem hefur komið fyrir þessa nýju bylgju af rúmenskri kvikmyndagerð,” sagði Mungiu og þakkaði öðrum rúmenskum leikstjórum. „Án ykkar væri ég ekki hér.“ Un Certain Regard-verðlaunin fóru einnig til Rúmeníu þetta árið, en það var Christian Nemescu sem vann þau fyrir fyrstu mynd sína „California Dreaming“ sem gerist í Kosovo-stríðinu árið 1999.

Verðlaunin fyrirsjáanleg

Fátt kom á óvart þegar verðlaunin voru afhent en vinningsmyndin 4 Months, 3 Weeks and 2 Days var þriðja myndin sem var frumsýnd í keppninni og hlaut bestu dóma gagnrýnanda og mikið lof áhorfenda. Hún var því talin sigurstranglest allan tímann ásamt mynd Coen-bræðranna „No Country for Old Men“. Coen-bræðurnir voru reyndar hvergi sjáanlegir í hátíðarhöllinni þegar



VIGALEGUR Julian Schnabel var valinn besti leikstjórnari á Cannes fyrir mynd sína The Diving Bell and the Butterfly. Hér er hann í ræðustól og þakkar fyrir verðlaunin.

verðlaunin voru veitt og þótti því ljóst að verðlaunin færu til Rúmeníu.

Besti leikstjóri var valinn Julian Schnabel fyrir myndina The Diving Bell and the Butterfly sem hlaut einnig mikið lof gagnrýnanda. Myndin fjallar um franska ritsjóra Elle sem fékk heilablóðfall 43 ára og gat aðeins tjáð sig með öðru augnlokini. Besta leikkonan var valin suður-kóreska leikkonan Jeon Do-yeon fyrir túlkun sína á syrgjandi móður og eiginkonu í Secret-Sunshine. Bestu leikaraverðlaunin fóru til Rússans Konstantin Lavronenko fyrir hlutverk sitt í The Banishment en Spánverjinn Javier Bardem hafði verið talinn líklegur til að vinna þau verð-

laun fyrir leik sinn í mynd Coen-bræðra.

Van Sant fékk hátíðarverðlaun

Það sem kom helst á óvart var að önnur verðlaunin í keppninni, svokölluð Grand Prix-verðlaun, skyldu fara til japönsku myndarinnar The Mourning Forest eftir Naomi Kawase. Sú mynd er einkar hæg og falleg mynd um samband ungrar stúlku við gamla mann sem hún kynnist þegar hún fer að vinna á elliheimili. „Boðskapurinn í myndinni er sá að það sem er ósýnilegt er jafn mikilvægt því sem er sýnilegt,” sagði Kawase við blaðamenn eftir verðlaunaafhendinguna. Fatih Akin fékk verðlaun fyrir besta handritið fyrir „The Edge of Heaven“ en fyrri mynd hans „Head On“ vann Berlínarbjörninn 2004 og fór sigurför um heiminn.

Þá vann Gus Van Sant sérstök hátíðarverðlaun í tilefni af 60 ára afmæli hátíðarinnar fyrir hjólabrettamyndina Paranoid Park, og stjórnandi hátíðarinnar Gilles Jacob afhenti Jane Fonda verðlaun fyrir ævistarf í kvikmyndum en sú verðlaun hafa aðeins verið veitt þrisvar áður í Cannes.

hannabjork@frettabladid.is



Kiedis verðandi faðir

Anthony Kiedis, söngvari Red Hot Chili Peppers, á von á barni með kærustu sinni, Heather Christie. Christie er tvítug að aldri og starfar sem fyrirsæta, en Kiedis er 44 ára gamall. Þau hafa verið saman í tvö ár og undanfarna mánuði hafa sögusagnir af meintri þungun Christie gengið fjöllum hærra í netheiminum.

Allar gerðir iðnaðarprentara og álímingarvéla.

Bleksprautuprentarar, límíðaprentarar, filmuprentarar, kassaprentarar, laserprentarar og miðaalímingavélar



Vélmark ehf.

upplýsingar í síma: 445-9930.

FYRIRTÆKJAKORT GLITNIS

PLATÍNUM-KORT

Nýtist stjórnendum fyrirtækja sem þarfnast viðtækrar þjónustu og bestu trygginga.



NÝJUNG

Glitnir býður fjölbreyttara úrval fyrirtækjakorta en þekkt hefur og fleiri fríðindi standa til boða.

Hægt er að velja milli eftirtalinnna fríðinda:



Endurgreiðslu af veltu kortsins, sem er nýr valkostur fyrir fyrirtæki



Ferðaávisunar MasterCard, sem rennur til fyrirtækis eða starfsmanns



Vildarpunkta Icelandair



Misheppnaður lokakafli

Fyrir fjórum árum skutust sjóræningjar Karíbahafsins upp á stjörnuhimininn og sigldu örugga leið á toppinn. Æðið sem gekk yfir heiminn var ógnarmikið með tilheyrandi brúðum og öskudagsbúningum. Að sjálfsögðu sá peningamaskínan í Englaborginni sér leik á borði og ákvað að ekki skyldi eingöngu framleiða eina heldur búa til svokallaðan þrífleik en það hafði áður gefið góða raun í Hringadrottins sögu. Eini munurinn var sá að þrífleikurinn var fyrir hendi hjá Jackson og félagum en leikstjórnin Gore Verbinski og handritshöfundarnir þurftu að þúsla heilum helling af allskyns brotum til að láta söguna ganga upp.

KVIKMYNDIR

Pirates of the Caribbean: At World's End

Leikstjóri: Gore Verbinski
Aðalhlutverk: Johnny Depp, Orlando Bloom og Keira Knightley

★★

At World's End er miður glæsilegur endir á ævintýrunum um sjóræningjana á Karíbahafinu. Johnny Depp og Geoffrey Rush tekst ekki að bjarga áhöfninni þrátt fyrir góðar tilraunir.

uð milljónum dollara sem myndin kostaði í að fullgera söguna. Að Heimsenda er heilum klukkutíma of löng og það hefði þurft sérþjálfaðan garðyrkjumann til að grisja út alla óþarfa útúrsmúninga og flækjur.

Leikurinn er í flestum tilvikum frekar vafasamur og eftir tvo og hálfan tíma af „æf“ og „hó“ fer hugurinn fljótlega að reika. Ór- fáar skemmtilegar skryturlur frá náunganum með gleraugað og feita vininum hans bjarga engu. Og í raun má spyrja sig hvað hefði orðið um þessa mynd ef hún nyti ekki fulltingis Johnny Depp og Geoffrey Rush. Stjarna þeirra Orlando Bloom og Keira Knightley hefur

í það minnsta hrapað um nokkur stig og reyndar virðast þessar dægurflugur hafa sungið sitt síðasta með Við Heimsenda. Depp og Rush ganga hins vegar ósærðir frá borði og geta eflaust hugsað með sér í ellinni að þarna lögðu þeir sitt af mörkum til afþreyingarmeningarinnar. En vafalítið verður þess langt að biða þar til þessir mætu menn taka þátt í þessari gerð kvikmynda. Reyndar verður að vara aðdáendur Rolling Stones við því að fara á klósettið í miðri mynd því þáttur Keith Richards er ekki ýkja langur og ein klósettferð gæti eyðilagt kvöldið.

Þrátt fyrir mikinn pening og mikið púður eru sprengingarnar máttlitlar. Að Heimsenda er því misheppnaður endir á ævintýri sem hófst með góðri flugeldasýningu en fjarar út með einni litilli ýlu.

Freyr Gígja Gunnarsson

Og í At World's Enda eða Við Heimsenda er tilgangurinn að leiða aðdáendur sjóræningjana í allan sannleika um endalok Jack Sparrow og féлага. Varla verður sagt að sá endir sé beysinn heldur vekur myndin upp miklu fleiri spurningar.

Síðast þegar við skildum við Sparrow var hann dauður. Þau Elizabeth Swann og Will Turner ákveða að gera út leiðangur til að bjarga honum en á sama tíma hyggst Verslunarfélagið illa gera út af við sjóræningja fyrir fullt og allt. Til að gera langa sögu stutta tekst sjóræningjunum að snúa á laganna verði og nánast allir verða hamingjusamir fyrir rest.

At World's End er klúðurslega skrifuð og þegar áhorfendur skilja hvorki upp né niður í söguþræðinum er ekki nema von að einhver spyrji sig; hefði ekki verið ráð að eyða hærri upphæð af þeim þrem hund-

Græn skref í Reykjavík:

Hreinsunardagur í Vesturbæ 2. júní



SAMRÁÐSFUNDUR UM FEGRUN VESTURBÆJAR

Á morgun, miðvikudaginn 30. maí kl. 20.00 í Melaskóla

Íbúar Vesturbæjar eru hvattir til þess að mæta á fund í Melaskóla þar sem starfsmenn borgarinnar kynna hreinsunardaginn. Þar förum við yfir hvernig staðið verður að verki og hvaða svæði og staðir koma við sögu í átakinu. Allar ábendingar íbúa eru meira en vel þagnar.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is



Reykjavíkurborg

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Meira úrval og fleiri fríðindi

HVITA HÚSID / SIA - 8441

INNKAUPAKORT

Afar hentugt við kaup á rekstrarvörum og þjónustu.



GULLKORT

Hentugast í viðskiptaferðum og innifelur víðtækar ferðatryggingar.



GLITNIR

SÝNINGATÍMAR KVÍKMYNDAHÚSA

SAMBIÓ www.SAMbio.is t 575 8900 midi.is



PIRATES OF THE CARIBBEAN
AT WORLDS END

HÖNDURSTYGGINGU EFTIR BYGGINGU Á SAMBIOBÍÓNUM.

★★★★
VIT TOPPIS
★★★★
FARLUMIS
★★★★
HÓBIL

ZODIAC

ÁLFABAKKA

PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 4:30 - 6 - 8 - 10	10	SPIDER MAN 3	kl. 5	10
PIRATES 3 VIP	kl. 4:30 - 8		BLADES OF GLORY	kl. 5:50 - 8	12
ZODIAC	kl. 6 - 9	16	ROBINSON FJ... ISL TAL	kl. 3:50	L
THE REAPING	kl. 8 - 10:10	16			

KRINGLUNNI

PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 6:15 - 8 - 10 - 10:20	DIGITAL	10
GOAL 2	kl. 5:50 - 8		7
ROBINSON F. M.- ISL TAL	kl. 5:50	DIGITAL-3D	L

AKUREYRI

PIRATES 3	kl. 6 - 8 - 10	10
GOAL 2	kl. 6	7

KEFLAVÍK

PIRATES CARRIBEAN 3	kl. 6 - 8 - 10	10
---------------------	----------------	----

Nánari upplýsingar á www.SAMbio.is

LAUGARÁSÍÓ - bara lúxus **Nýtt í bíó**




PIRATES 3 kl. 3.15, 6.30 og 10-POWER 10

SPIDERMAN 3 kl. 4, 7 og 10 10

SEVERANCE kl. 8 16

SHOOTER kl. 10 16

ÚTI ER ÆVINTÝRI kl. 4 og 6-450 kr- L

www.laugarasbio.is Sími: 553 2075

NÝTT Í BÍÓ!

Mesta ævintýri fyrr og síðar, byrjar við hjara veraldar!



PIRATES OF THE CARIBBEAN
AT WORLDS END **LUXUS** 10 16



Fracture 14



SPIDERMAN 3 10



THE CONDEMNED 16



THE PAINTED VEIL 16



IT'S A BOY GIRL THING 16

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

PIRATES OF THE CARIBBEAN 3	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10:45	10	UNKNOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
PIRATES OF THE C. 3 LUXUS	kl. 5 - 9		THE PAINTED VEIL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	
FRACTURE	kl. 8 - 10:30	14	IT'S A BOY GIRL THING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 3:45 - 5:50		SPIDERMAN 3	kl. 6 - 9	10
SPIDERMAN 3	kl. 5 - 8 - 10:50	10			

REGNBÓGINN Sími 551 9000

UNKNOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
THE PAINTED VEIL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	
IT'S A BOY GIRL THING	kl. 5:50 - 8 - 10:10	
SPIDERMAN 3	kl. 6 - 9	10

HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919

ANNAN LIF ÆSTPÓRS	kl. 6		IT'S A BOY GIRL THING	kl. 6	
UNKNOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16	FRACTURE	kl. 8 - 10:10	14
FRACTURE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	14	SPIDERMAN 3	kl. 6	10
THE CONDEMNED	kl. 10:30	16	THE CONDEMNED	kl. 9	16
THE LIVES OF OTHERS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16			

MIDASALA Á **midi.is** BÍÓ.IS



DEEP PURPLE Í HÖLLINNI Ian Gillan fór fyrir sínum mönnum í Deep Purple á sunnudagskvöldið. Hann hafði þó tapað nokkru af kraftinum frá síðustu heimsókn sinni hingað.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Allt samkvæmt bókinni

Gömlu rokkhundarnir í Deep Purple og Uriah Heep stigu á stökk í Laugardalshöllinni. **Trausti Júlíusson** var meðal gesta.

Það var vel full Laugardalshöll sem tók á móti meðlimum Uriah Heep þegar þeir hófu leik upp úr klukkan átta á sunnudagskvöldið. Þó að í núverandi mannskipan sveitarinnar sé aðeins einn upphaflegur meðlimur, gítarleikarinn Mick Box, þá eru þessir fimm sem skipa sveitina núna allir búnir að vera í henni í yfir tuttugu ár, nema trommuleikarinn sem byrjaði í mars sl. eftir að Lee Kerslake hætti af heilsufarsástæðum. Meðlimir Uriah Heep líta svolítið út eins rokk-hobbitar; glaðsinna framsettir eldri menn með grátt sítt hár. Og í góðu stuði. Fyrir tónleikana var ég einna spenntastur að sjá bassaleikarann Trevor Bolder sem var í Spiders from Mars með Bowie. Frábær bassaleikari sem átti stjórnuleik á tónleikunum.

Uriah Heep fékk mjög góðar

móttökur. Sveitin spilaði nokkur af sínum þekktustu lögum, þar á meðal Gypsy, Sunrise, The Wizard og Lady In Black. Uppbyggingin á tónleikunum var þannig að Uriah Heep spilaði í klukkutíma og Deep Purple svo í tvo tíma. Það sást á meðlimum Heep að þeir voru yfir sig ánægðir með móttökurnar og voru hálf sárir yfir því að fá ekki að spila nema í klukkutíma. Þeir enduðu á July Morning og komu svo aftur og tóku ofurhittarann Easy Livin'. Hápunkturinn á ágætu setti sem skulur þó ekki mjög mikið eftir sig.

Eftir smá hlé mætti Deep Purple á sviðið. Purple og Heep eiga ýmislegt sameiginlegt. Breskar rokk sveitir sem gerðu sín bestu verk snemma á áttunda áratugnum. Þær hafa líka sömu hljóðfæraskipan. Söngur, gítar, bassi, trommur og hljómborð, en orgelið hefur stórt hlutverk hjá báðum sveitum. Það verður að segjast eins og er að tónlist Deep Purple höfðar meira til mín heldur en gleðislagarar Heep-manna. Flottari lagasmíðar, þéttari keyrsla og meiri tilþrif í spilamennskunni. Sveitin er í dag skipuð söngvar-

TÓNLEIKAR

Deep Purple og Uriah Heep
Laugardalshöll 27. maí

★★★

Gömlu rokkhundarnir í Deep Purple og Uriah Heep trylltu fulla Laugardalshöll á sunnudagskvöldið með ágætlega heppnuðum tónleikum sem einkenndust af gleði og nostalgiu.

anum Ian Gillan, bassaleikaranum Roger Glover og trommuleikaranum Ian Paice sem allir voru í sveitinni þegar hún gerði meistara verk eins og In Rock og Machine Head og svo gítarhetjunni Steve Morse og hljómborðsleikaranum Don Airey.

Deep Purple var í ágætu formi á sunnudagskvöldið. Þeir tóku fullt af hitturum og nokkur nýrri lög. Hápunktarnir fyrir mig voru löginn Into the Fire, Fireball, When a Blind Man Cries, Space Truckin' og svo hið stórkostlega Highway Star. Meðlimum Purple tókst að gera þetta nokkuð lifandi þó að þeir séu búnir að spila flest þessi lög í áratugi. Byrjunin á Highway Star var t.d. flott og þeir brutu þróttuð upp með solum og millispilum. Þetta eru allt flottir gaurar þó að Gillan sé orðinn svolítið þreklaus. Hann komst þokkalega frá sínu, en stjarna kvöldsins var gítarleikarinn Steve Morse - ótrúlega flinkur og hnitmiðaður í solumunum.

Eftir að dagkránni lauk komu upplappslöginn: Smoke on the Water (salurinn söng með hástöfum), Hush og Black Night sem byrjaði með því að Roger Glover tók sól sem endaði á bassalínunni úr laginu og salurinn tók strax við sér og söng með og stemningin náði hámarki...

Á heildina lítið voru þessir tónleikar hin besta skemmtun. Nostalgián í afgangi og allt eins og maður hafði búist við.



Magni með sólóplötu í sumar

Rokkarinn Magni Ásgeirsson hefur upptökur á sinni fyrstu sólóplötu í Danmörku eftir tvær vikur. „Þetta er svolítið „scary“ en mjög skemmtilegt,“ segir Magni um sólótilburði sína. „Við förum þarna þrjú vinirnir. Þetta er orðin svo mikil lenska að fara til Danmerkur. Á móti sól fór þarna síðasta sumar þegar ég var í Bandaríkjunum og Sálín er búin að fara þarna og Beggi Árelíus tók upp sína plötu þar,“ segir Magni. „Þetta verður voða þægilegt og næs. Þarna er skemmtilegt sveitastúdíó og gott í matinn og „alt í orden“.“

Magni og félagar hans, Baddi og Gunni úr Sóldögg, ætla að dvelja í eina viku í Danmörku og býst hann við miklum afköstum.

„Maður gerir örugglega meira á viku heldur en á tveimur mánuðum, enda ekkert annað að gera.“

Að sögn Magna hefur hann verið að semja efni á plötuna í eitt ár. Löginn verða öll á ensku og er gripurinn væntanlegur í búðir hérlandis í lok júlí og kemur út á svipuðum tíma á iTunes. Síðar meir vonast hann til að koma henni á markað erlendis og verða þá enskar útgáfur af lögum. Á móti sól í stað þeirra erlendu tókulaga sem verða á íslensku útgáfunni.

Magni býst við því að halda útgáfutónleika á heimaslóðum sínum á Borgarfirði eystri í Bræðslunni, sama stað og skoska sveitin Belle and Sebastian og Emiliana Torrini spiluðu á síðasta sumar.



MAGNI Magni Ásgeirsson hefur upptökur á sinni fyrstu sólóplötu eftir tvær vikur.

- fb

Stórtækur í Skandinavíu

Fyrirtæki Sigurjóns Sighvatssonar, Scanbox, mun koma að framleiðslu þriggja sænskra kvikmynda. Scanbox mun einnig sjá um dreifingu myndanna um Norðurlönd auk þess sem fyrirtækið mun annast DVD-útgáfu þeirra. Tvær af þessum myndum fara í tökur á næsta ári en frá þessu var greint á vef kvikmyndatímaritsins Screen Daily. Scanbox er því á góðri leið með að verða einn stærsti framleiðandi og dreifingaraðili í hinni ört vaxandi og blómlegu kvikmyndaframleiðslu Skandinavíu.

Sigurjón var staddur á kvikmyndahátíðinni í Cannes þegar Fréttablaðið náði tali af honum og sagði hann fyrirtækið vera að stækka ört núna. Það væri



SIGURJÓN SIGHVATSSON Önnur kafin í Cannes en fyrirtækið hans Scanbox er í örurum vexti um þessar mundir.

á góðri leið með að verða eitt af fimm hundruð stærstu fyrirtækjum Danmerkur en ekki er langt síðan Scanbox keypti hlutabréf í norska framleiðslufyrirtækinu Paradox Holding AS.

Þá hefur Sigurjón ráðið leikstjórnann Vadim Perelman til að leikstýra endurgerð dönsku kvikmyndarinnar Lad de små börn. En Perelman þessi gerði meðal annars verðlaunamyndina House of Sand and Fog. Sigurjón ætti ekki að vera í vanda með að finna stjórnurnar við frönsku rivíveruna.

„Það er eiginlega mesti kosturinn en um leið mesti lösturinn; það eru eiginlega allir hérna,“ segir Sigurjón. - fgg

Lennon sá besti

Sir Paul McCartney segist aldrei hafa unnið með færari tónlistarmanni en John Lennon. Enginn hafi jafnast á við hæfileika fyrrverandi féлага hans úr Bítlunum.

„Ég passa mig alltaf dálítið áður en ég fer að vinna með öðru fólki vegna þess að hlutirnir ganga ekki eins auðveldlega og ótrúlega og þeir gerðu með John,“ sagði McCartney í viðtali við BBC. Á meðal annarra sem hann hefur unnið með eru Stevie Wonder og Michael Jackson. „Að vinna með öðrum er merkilegt vegna þess að mér finnst ég hafa verið dekraður eftir að hafa unnið með John. Við náðum ótrúlega vel saman.“

BÍTLARNIR Paul McCartney og John Lennon náðu gríðarlega vel saman í Bítlunum.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Skemmtanaflakillinn Lindsay Lohan gæti átt yfir höfði sér fangelsisdóm eftir að lögregla fann meint kókaín í bíl hennar. Lindsay var handtekin um helgina eftir að hún klessti Mercedes-bifreið sína á Sunset Boulevard í Los Angeles. Hún meiddi sig lítillega í árekstrinum og keyrði vinnur Lindsay hana á spítala. Þar hafði lögreglan uppi á stjórnunni og handtók hana fyrir að keyra undir áhrifum. Að auki fundust svo eitruylf í bifreiðinni.



Fyrrum tennisstjarnan **Anna Kournikova** og söngvarinn **Enrique Iglesias** eru hætt saman. „Ég er á lausu og það er fint,“ segir Iglesias. Hann og Kournikova höfðu verið saman í fimm ár. Nýlega lýsti Iglesias því yfir að hann ætlaði sér ekki að giftast unnustunni. Þar að auki er talið að hún hafi viljað eignast börn en hann ekki talið það tímaþætt. Því fór sem fór.



George Michael hefur lýst því yfir að hann sé háður pillum. Þetta kom fram í sjónvarpsþætti **Michael Parkinson** í Bretlandi. Í viðtalinu sagði George Michael að hann ætti í miklum vandræðum með fíkn sína í lyfseðils-skyld lyf. Þessi fíkn hefði byrjað þegar móðir hans lést fyrir tíu árum. „Ég hef verið með hálfgerða sjálfs-eyðingarhvöt síðan mamma dó,“ sagði Michael.



Heather Mills er nú sögð sjá mikið eftir því að hafa bundið enda á samband sitt við **Paul McCartney**. Hin 39 ára Mills mun græða milljarða á skilnaði sínum við Bítlinn en hefur sagt vinum sínum að peningar hafi enga þýðingu, ástín fáist ekki keypt. Breskir fjölmiðlar greina frá því að Heather hafi sagt vinum sínum að hún myndi afsala sér öllum peningunum gegn því að gefa sambandi sínu og McCartney annan séns. „Hún var ánægð í hjónabandinu og sér eftir því hvernig hlutirnir þróuðust. Hún væri tilbúin að láta reyna á sambandið aftur,“ segir vinkona Heather.



Ferskur fiskur alla daga í fiskborðum okkar

Kjöt & fisktorgið



Lax með kóríander og hvítlauk

Ferskur lax með kóríander og hvítlauk ásamt nýju íslensku grænmeti.

Frábær réttur beint í ofninn. Eldið í 200°C heitum ofni í 15-20 mínútur.



Rúnar Gíslason
matreiðslumeistari

Frábær réttur sem bragð er af!

Hrísgrjón eru kjörin með þessum rétti ásamt fersku grænmeti.

Kjöt & fisktorgið



Steinbítur með hvítlauk og kryddjurtum



Lax með chili, engifer og hvítlauk



Ýsa í malasíukarrí með fersku grænmeti



Plokkfiskur að hætti Rúnars

Úrval fiskrétta

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

> Lokaleikur hraðmótsins

Lokaleikur 4. umferðar Landsbankadeildar karla fer fram í kvöld þegar Fram tekur á móti FH á Laugardalsvelli. Leikurinn hefst klukkan 20. FH hefur byrjað mótið með miklum látum en Fram hefur ekki alveg fundið taktinn. Framarinn Jónas Grani Garðarsson mætir sínum gömlu félagum í FH í kvöld en hann var neyddur til þess að spila með liði utan Landsbankadeildarinnar í fyrra þegar hann fór frá FH. Hafnarfjarðarliðið óttaðist greinilega að Grani myndi sjá til þess að bikarinn færi ekki í Fjörðinn. Verður áhugavert að sjá hvort hann nái að gera Fimleikafélaginu skráveifu í kvöld.

sport
sport@frettabladid.is

GRÉTAR RAFN STEINSSON: SÁTTUR VIÐ TÍMABILIÐ ÞRÁTT FYRIR TITLALEYSI HJÁ AZ ALKMAAR

Lítum ekki á tímabilið sem einhverja martröð

Hreint ótrúlegu tímabilið AZ Alkmaar í Hollandi er nú lokið. Landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson spilaði 50 leiki með liðinu sem var grátlega nálægt því að koma öllum að óvörum. Félagið gat tryggt sér Hollandsmeistaratilinn en tapaði síðasta leiknum í deildinni og missti af honum til PSV Eindhoven. Ajax vann AZ Alkmaar 8-7 eftir vítaspynukeppni í bikarúrslitunum og svo 4-2 samtals í tveimur leikjum um laust sæti í Meistaradeildinni.

Þrátt fyrir vonbrigðin er Grétar Rafn sáttur við tímabilið. „Ég spilaði mikið af góðum leikjum og festi mig í sessi sem byrjunarliðsmaður í góðu liði. Eg sýndi mikla framför og spilaði bara vel. Liðið er gott og þjálfarinn er mjög góður og það er ekki annað hægt en að taka framförum hérna enda er ég kominn í umhverfi og aðstæður sem henta mér vel,“

sagði Grétar, sem leikur undir stjórn Louis van Gaal. Hann var nálægt því að ná ótrúlegum árangri með liðið.

„Fyrir fram var ekki búist við neinu af okkur. Það komu margir nýir menn inn og liðið er ungt. En við náðum að vera í toppbaráttu á öllum stöðum enda small allt hjá okkur. Þrátt fyrir að vera nálægt því að vinna eitthvað en tapa svo eru allir sáttir og við lítum björtum augum fram á næstu ár. Við lítum ekkert á þetta sem neina martröð, við spiluðum góðan fótbolta og fórum lengra í öllum keppnum en við gerðum í fyrra. Næsta skref er

bara að ná sér í titil,“ sagði Grétar.

Bakvörðurinn er með samning til 2011 í Hollandi og segist ánægður með lífið. „Það er gott að búa hérna. Ég er í þessu til að spila fótbolta og ná árangri, það er það sem ég stefni á núna. Það eru spennandi hlutir fram undan og metnaðurinn er mikill í klúbbum. Ég sé mig vera hér áfram, ég er með metnað fyrir klúbbum og trúi að við getum náð árangri. Auðvitað hef ég mín markmið og takmörk og ég ætla mér að ná þeim. Ef ég fæ tækifæri til þess mun ég gera það en þangað til ætla ég að standa mig hérna hjá AZ Alkmaar,“ sagði Grétar Rafn Steinsson.



Breiðablik **0-0** **Valur**
Kópavogsv, áhorf.: 1.250 Jóhannes Valgeirsson (8)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9-10 (2-3)
Varin skot	Hjörvar 3 - Kjartan 2
Horn	4-7
Aukaspjrnur fengnar	11-15
Rangstöður	1-3

BREIÐAB. 4-5-1	VALUR 4-4-2
*Hjörvar Hafliðas. 7	Kjartan Sturluson 6
Árni K. Gunnarsson 7	Birkir Már Sævarsson 7
Srdjan Gasic 7	Atli Sveinþór Þórarinn 7
Guðmann Þórisson 7	Barry Smith 7
Arnór S. Aðalsteinss. 7	René Carlsen 7
Olgeir Sigurgeirsson 4	Baldur Aðalsteinsson 5
Nenad Petrovic 4	(53. Hafþór Æ. Vilhj. 6)
(62. Kristján Óli S. 4)	Sigurbjörn Hreiðarss. 4
Arnar Grétarsson 4	(53. D. B. Mortensen 5)
Magnús P. Gunnarss. 4	Baldur Bett 4
Nenad Zivanovic 4	Pálmi Rafn Pálmason 4
(57. Steinþór Þorst. 5)	Guðmundur Ben. 4
Prince Rajcomar 4	(80. Daniel Hjaltas. -)
(70. Kristinn Steind. 4)	Helgi Sigurðsson 4

*Maður leiksins

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Sænska úrvalsdeildin

IFK GAUTABORG-GAIS 1-0
Ragnar Sigurðsson, Hjálmar Jónsson (IFK), Jóhann B. Guðmundsson, Eyjólfur Héðinsson (GAIS) voru allir í byrjunarliði sína liða.
DJURGÅRDEN-AIK 3-1
Sólvi Geir Ottesen kom inn á sem varamaður.

Norska úrvalsdeildin

LYN-TROMSÖ 4-3
Stefán Gíslason og Indriði Sigurðsson voru báðir í byrjunarliði Lyn.
ODD GRENLAND-BRANN 0-2
Kristján Örn Sigurðsson skoraði fyrra mark Brann.
ÁLASUND-VIKING 0-2
Hannes Þ. Sigurðsson lék í 89. mínútu fyrir Viking og Haraldur Guðmundsson í 77 mín. fyrir Álas.
LILLESTRÖM-STABÆK 1-1
Veigar Páll Gunnarsson var í byrjunarliði Stabæk.

Eins og að horfa á málningu þorna

Tvö af betri knattspyrnuliðum landsins, Breiðablik og Valur, ollu miklum vonbrigðum í gær þegar þau buðu upp á einn litlausasta og leiðinlegasta leik sumarsins. Niðurstaðan var markalaust jafntefli.

FÓTBOLTI Væntingar áhorfenda í garð leiks Breiðabliks og Vals fyrir leikinn í gær voru nokkrar enda höfðu bæði lið sýnt lipra spretti í fyrstu leikjum mótsins. Það er skemmt frá því að segja að liðin stóðu ekki undir væntingum og niðurstaðan 0-0 í tíðindalítum leik.

Fyrri hálfleikur byrjaði fjörlega. Valsmenn tóku öll völd á miðjunni strax í upphafi og keyrðu hraðar sóknir. Blikar virkuðu stressaðir og hræddir við gestina á upphafsmínútunum og gáfu þeim allt of mikinn tíma á boltanum.

Strax á 6. mínútu fékk Sigurbjörn Hreiðarsson eitt besta færi sumarsins þegar hann stóð einn gegn Hjörvari Hafliðasyni, markverði Blika, en Hjörvar varði slakt skot Valsarans.

Blikar rönkuðu við sér í kjölfarið og voru síst lakari það sem eftir lifði hálfleiksins, sem var reyndar mjög slakur því hvorugt liðið náði að skapa sér teljandi færi það sem eftir lifði leiks. Fjörvið í upphafi var það eina markverða. Það voru því flestir fegnir þegar Jóhannes blés til hálfleiks því það var sannkölluð pattstaða inni á vellinum.

Hálfleikurinn breytti engu því síðari hálfleikur var leiðinlegri en sá fyrri en það töldu flestir vallargestir nánast ómögulegt. Leikur beggja liða var steingeldur, ekkert óvænt í gangi, sóknarmenn svífaseinir og varnarmenn liðanna þurftu ekki að hafa sérstaklega mikið fyrir hlutunum.

Það hafði nákvæmlega ekkert gerst, og þá meina ég ekkert, í síðari hálfleik þegar Hafþór átti ágætt skot rétt framhjá markinu



BARÁTTA Í TEIGNUM Hjörvar Hafliðason reynir að koma í veg fyrir að Valsarinn Atli Sveinþór Þórarinn komist í boltann.

á 86. mínútu. Mjög óvænt þínu líf sem dó beint í kjölfarið.

Bæði lið geta vel spilað góðan fótbolta og þau spiluðu bæði vel á löngum köflum á fyrstu tveimur þriðjungum vallarins. Þegar bolt-

inn aftur á móti nálgadist teig andstæðinganna fjöruðu sóknirnar undantekningalaust út og það án þess að varnarmennirnir tækju sérstaklega mikið á því. Allir varnarmenn leiksins komust vel

frá sínu, markverðirnir öruggir, Hjörvar varði eina færi leiksins en aðrir leikmenn voru slakir. Það er ekkert flóknara en það.

Willum Þór Þórisson, þjálfari Vals, deildi ekki skoðun blaðamanns á gæði leiksins og kaus að líta á hann jákvæðum augum. „Það vantaði herslumuninn á að klára sóknirnar. Þess vegna kláruðum við ekki leikinn. Ég er ánægður með liðið. Við gáfum ekki færi á okkur og höfðum undirtökin lengstum. Blikarnir komu grimmir og gáfu ekki færi á sér. Við fengum nóg af færnum til að klára leikinn. Ég lít á málið þannig að við höfum unnið eitt stig hér í dag,“ sagði Willum.

Hjörvar Hafliðason, fyrirlíði Blika, var þokkalega sáttur. „Við ætluðum að fá eitthvað úr þessum leik. Lögdum upp með að halda hreinu og reyna að læða inn einu marki en mér fannst við aldrei vera nálægt því,“ sagði Hjörvar, sem metur stöðuna í deildinni á einfaldan hátt. „Vormótinu er lokið og niðurstaðan úr því er sú að FH er orðið Íslandsmeistari. Ég ætla að nota tækifærið og vera fyrstur til að óska FH til hamingju með titilinn.“

Þess má síðan geta að Jóhannes Valgeirsson dómari var yfirburðamaður á vellinum og leysti sitt verkefni með miklum sóma.

henry@frettabladid.is

Keflvíkingar voru fremri á öllum sviðum knattspyrnunnar gegn HK í gær:

Ótvíræðir yfirburðir Keflvíkinga

FÓTBOLTI Keflvíkingar fóru með öruggan 3-0 sigur af hólmi úr víðureign sinni gegn nýliðum HK í gær. Leikurinn var í járnunum til að byrja með og Keflvíkingar reyndu að byggja upp spil en komust lítt áleiðis gegn þéttri vörn HK. Heimamenn héldu boltanum vel en uppskáru lítið á meðan HK-ingar fengu nokkur ágæt færi sem þeir náðu þó ekki að nýta.

Þolinmæði Keflvíkinga skilaði sér þó þegar Þórarinn Brynjar rak smíðshöggjö á frábæra sókn þar sem Baldur og Símun Samuelssen sáu um undirbúning. Skömmu áður hafði Jónas Guðni átt skot í innanverða stöng HK-marksins. Keflvíkingar voru betri aðilinn í fyrri hálfleik og hefðu hæglega getað skorað fleiri mörk á meðan hugmyndasnaður sóknarleikur gestanna var ekki líklegur til að bera árangur ef frá eru taldar upphafsmínútur leiksins.

Síðari hálfleikurinn byrjaði fjörlega og HK fór illa með tvö góð færi áður en besti maður vallarins, Símun Samuelssen, skoraði mark eftir snarpa sókn heimamanna. Keflvíkingar höfðu öll völd á vellinum og spilamennska þeirra upp völlinn var frábær. Guðmundur Steinarsson skoraði þriðja markið eftir að Gunnleifur



BARÁTTA Þórarinn Kristjánsson Keflvíkingur í baráttu við Stefán Eggertsson, leikmann HK.

hafði varið frá Símun og öruggur Keflavíkursigur varð staðreynd.

„Þetta var auðvitað alls ekki það sem við ætluðum okkur. Við brotnuðum niður við fyrsta markið eftir að við höfðum verið að spila vel. Síðan kemur annað markið eftir fina byrjun á seinni hálfleik og þá hættum við bara og við gefumst upp, sem var algjör óþarfi. Keflvíkingar eru með mjög gott lið og við vissum það alveg en við leggjum ekkert árar í bát þrátt fyrir þessa skelli, við rifum okkur upp eins og alltaf,“ sagði Gunnleifur, fyrirlíði HK, eftir leikinn en Kópavogslíðið tap-

aði 4-0 fyrir FH í síðustu umferð. Guðmundur Steinarsson sagði að markmiðinu hefði verið náð hjá Keflvíkingum, þrjú stig í hús.

„Þeir fengu sín færi og hefðu getað verið komnir yfir en þetta hafðist og markmiðið okkar að taka þrjú stig var staðreynd. Við náðum upp finu spili á köflum en það er ýmislegt sem við þurfum að bæta í frínu sem er að koma. Þetta er þó allt á réttri leið. Við erum nokkuð sáttir eftir þetta hraðmót í upphafi en við höldum okkar striki og gefum bara í ef eitthvað er,“ sagði Guðmundur.

-hph





GEKK EKKERT Björgólfi Takefusa gekk illa gegn Víkingum í gær rétt eins og öðrum KR-ingum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Víkingar unnu sinn fyrsta deildarsigur á KR-ingum í fjórtán ár:

Breytinga þörf hjá KR-ingum

FÓTBOLTI Víkingar unnu sinn fyrsta deildarsigur í 14 ár og sinn fyrsta sigur á KR-vellinum í 16 ár þegar þeir unnu KR 1-2 í 4. umferð Landsbankadeildar karla í gær. KR-ingar sitja því einir á botninum með eitt stig út fyrstu fjórum leikjum sínum og það er ljóst að innkoma Rúnars Kristinssonar er ekki að breyta miklu fyrir Vesturbæjarliðið. Leikstíll liðsins er bæði leiðinlegur og ber lítinn sem engan árangur.

Rúnar sýndi nokkur tilþrif þegar hann þá komst í tæri við boltinn á milli allra háloftaspyrnanna sem komu ítrekað úr vörninni.

Stefán Kári Sveinbjörnsson skoraði fyrsta mark leiksins eftir

frábæran undirbúning Gunnars Kristjánssonar sem hafði hafði brotist í gegnum KR-vörninna vinstra megin eftir sendingu frá Sinisa Kekic. Kekic skoraði síðan seinna markið skömmu fyrir leiklok úr skyndisókn og eftir stungusendingu Jökuls Elísabetarsonar en Henning Jónsson náði að minnka muninn undir lokin.

Jökull Elísabetarson átti góðan leik á miðjunni hjá Víkingi. „Við þurftum á þessum þremur stigum að halda og ætluðum okkur ekkert minna. Við vissum að þetta yrði mikil barátta og að eitt mark ætti að geta dugað. Okkar plön gengu alveg upp,“ sagði Jökull kátur eftir leikinn. „Við erum mjög

sáttir við stöðu mála og að vera komnir með sjö stig eftir fjórar umferðir. Þetta er töluvert betri byrjun en í fyrra og við ætlum ekkert að falla heldur stefnum í efri hlutann,“ sagði Jökull, sem lék áður með KR eins og þeir Egill Atlason og Gunnar Kristjánsson en þessir þrír hefðu gert mikið fyrir KR-liðið í gær.

Teitur Þórðarson er á villigötum með KR-liðið, leikkerfið er ekki að ganga upp og liðið getur verið komið 11 stigum á eftir FH-ingum vinni þeir Fram í kvöld.

Víkingur er hins vegar í toppmálum og öllum að óvörum í efri hluta deildarinnar.

- 66j

KR **1-2** **Víkingur**
 KR-völlur, áhorf.: 1.100 Erlendur Eiríksson (6)

0-1 Stefán Kári Sveinbjörnsson (48.)
 0-2 Sinisa Valdimar Kekic (88.)
 1-2 Henning Eyþór Jónsson (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14-12 (7-5)
Varin skot	Kristján 3 - Bjarni 6
Horn	11-7
Aukaspjrnur fengnar	17-11
Rangstöður	2-5

KR 4-3-3	VÍKING. 4-5-1
Kristján Finnþósson 5	Bjarni Þórður Halld. 7
Skúli Jón Friðgeirsson 4	Þorvaldur Sveinn 6
Gunnlaugur Jónsson 4	Grétar Sigfinnur 7
Pétur Marteinsson 5	Valur Úlfarsson 6
Kristinn Magnússon 4	Hörður Bjarnason 7
Bjarnólfur Lárusson 4	(81. Hermann Alb. -)
(51. Henning J. 5)	Stefán Kári Sveinbj. 6
Rúnar Kristinsson 6	Jón B. Hermannsson 6
Grétar Hjartarson 4	*Jökull Elísabetars. 7
